

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
365	-2%	-12%
Actavis	-1%	9%
Alfesca	-2%	-5%
Atlantic Petroleum	5%	4%
Atorka Group	0%	-2%
Bakkavör	0%	6%
FL Group	1%	16%
Glitnir	1%	10%
Hf. Eimskipafélagið	-5%	-2%
Kaupþing	3%	14%
Landsbankinn	2%	15%
Marel	-1%	-4%
Mosaic Fashions	-2%	-6%
Straumur	3%	10%
Össur	-3%	-4%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Kaupa sex nýjar Airbus-breiðþotur

Avion Aircraft Trading hefur gengið frá kaupum á sex nýjum Airbus A330-200 fraktvélum. Er þetta í fyrsta sinn sem íslenskt fyrirtæki kaupir nýjar vélar frá Airbus. AAT er fjórða fyrirtækið í heiminum sem semur um kaup á þessari tegund véla. Er áætlað að þær komi á markað í ársbyrjun 2010 og verði afhentar AAT á árunum 2010 og 2011.

Listaverð vélnanna sex er um 6,7 milljarðar íslenskra króna. Samkvæmt fréttatilkynningu frá AAT er kaupverðið þó umtalsvert lægra og trúnaðarmál milli kaupanda og seljanda. Fjármögnun fyrir kaupunum hefur að fullu



AIRBUS-BREIÐPOTA Avion Aircraft Trading hefur gengið frá kaupum á sex nýjum Airbus A330-200 fraktvélum.

verið tryggt í gegnum erlenda fjárfestingarsjóði.

Búið er við miklum vexti í fraktflutningum í heiminum á næstu árum. Yfir sextíu flugfélög reka í dag farþegaútgáfur sömu véla sem auðveldar viðkomandi flugfélögum að taka fraktútgáfuna

í notkun. Frá því að AAT var stofnað í apríl 2005 hefur 21 flugvél verið keypt í því miði að vera seld aftur á markaði. Í tilkynningunni kemur fram að Avion Aircraft Trading sé þegar í viðræðum við flugfélög um leigu á nýju vélunum. - hhs

Sunnlenskur samruni

Sparisjóður Hornafjarðar og Sparisjóður Vestmannaeyja hafa runnið saman í eitt undir merkjum þess síðarnefnda. FME lagði fyrir skömmu blessun sína yfir samrunann sem miðast við 30. júní á síðasta ári. Stofnfjáreigendur í Sparisjóðum í Vestmannaeyjum samþykktu samrunann fyrir júl en ekki þurfti að bera áformin undir fund stofnfjáreigenda í Sparisjóði Hornafjarðar þar sem sparisjóðurinn var að öllu leyti í eigu sparisjóðsins í Eyjum.

Árið 2005 skilaði Sparisjóður Vestmannaeyja 180 milljóna króna hagnaði. - eþa

Hagnaður Icebank fór yfir 5,6 milljarða

Hreinar rekstartekjur tvöfölduðust á milli ára.

Icebank, sérhæfður viðskiptabanki í eigu sparisjóðanna, skilaði 5.662 milljóna króna hagnaði í fyrra, sem er besta afkoma í sögu bankans, og jókst hagnaður um 138 prósent á milli ára. Var arðsemi eigin fjár 63,8 prósent samanborið við 54,3 prósent árið áður.

Hreinar rekstartekjur voru 7.820 milljónir og ríflega tvöfölduðust frá 2005. Hreinar vaxtatekjur hækkðu um 52 prósent og námu 1.254 milljónum.

Mesta aukningin varð á öðrum rekstartekjum sem hækkðu úr 2,8 milljörðum króna í 6,4 milljarða. Veruleg hækkun varð á 4,6 prósentu eignarhlut Icebank í Existu þegar síðarnefnda félagið

var sett á markað. Á bankinn ná 3,45 prósentu hlut sem metinn var á 8,4 milljarða í árslok.

Rekstrargjöld voru um einn milljarður og jukust um fjórutíu prósent.

Tæplega þriðjungsaukning varð á eignum bankans á síðasta ári og námu þær 86,9 milljörðum í árslok. Eigið fé var tólf milljarðar króna og meira en tvöfaldaðist.

Eiginfjárhlutfall (CAD) var 17 prósent í árslok sem gefur bankanum svigrúm til að fylgja eftir nýrri framtíðarsýn sem snýr meðal annars að auknum gjaldeyris- og afleiðuvíðskiptum, aukinni áherslu á langtímalán og þátttöku í fjárfestingum og lána-kerknum erlendis. - eþa

Fremstir í Frakklandi

Kepler Equities | Landsbanki hefur verið valinn fremsta greiningarfyrirtæki Frakklands í ítarlegri könnun rannsóknarfyrirtækisins StarMine. Í könnuninni, sem náði til fjögurra flokka, voru borin saman meðmæli og hagnaðarspár fyrir félög í CAC 40 vísitölu og á markaði meðalstórra fyrirtækja. Kepler var eina fyrirtækið sem komst í hóp fimm efstu fyrirtækjanna í öllum flokkum, að því er fram kemur í tilkynningu frá Landsbankanum.

Á meðal flokkanna voru nákvæmni í meðmælum greiningardeilda fjármálaframtækja um kaup á hlutabréfum, bæði í flokki stærstu fyrirtækja Frakklands sem og í flokki meðal-

stórra fyrirtækja í landinu. Margir stórir bankar og greiningarfyrirtæki á borð við J.P. Morgan, HSBC, Credit Suisse og Citigroup höfnuðu í sætum fyrir neðan.

Þá varð Kepler í öðru sæti yfir nákvæmni þegar bornar voru saman hagnaðarspár greiningar- aðila og rauntölur fyrir meðalstór fyrirtæki í Frakklandi. Bankinn varð hins vegar í fimmta sæti hvað varðar hagnaðarspár stærstu fyrirtækja í Frakklandi.

Þetta er í annað skipti á þremur mánuðum sem Kepler er í fyrsta sæti yfir bestu verðbréfafyrirtækin því í nóvember í fyrra varð Kepler efst í könnun fjármálátímaritsins Bloomberg yfir bestu verðbréfafyrirtæki í Evrópu. - jeb



KEPLER EQUITIES Í PARIS Kepler Equities, sem heyrir undir Landsbankanum, hefur verið valið fremsta greiningarfyrirtæki Frakklands.

Stýrivextir líklegast óbreyttir á morgun

Sérfræðingar spá óbreyttum stýrivöxtum Seðlabankans á vaxtaákvörðunardegi á morgun. Hækkun væntingavísitölnunar og gengisflökt veldur þó áhyggjum.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Allar líkur eru taldar á því að Seðlabanki Íslands haldi stýrivöxtum óbreyttum á fyrsta vaxtaákvörðunardegi ársins sem er á morgun. Stýrivextir voru hækkaðir um 0,25 prósentustig á aukavaxtaákvörðunardegi 21. desember síðastliðinn og standa í 14,25 prósentum.

„Í raun hefur ekki mikið gerst frá síðasta vaxtaákvörðunardegi,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings. „Við búumst við óbreyttum vöxtum.“ Hann segir þó valda nokkrum áhyggjum að væntingavísitalan hafi hækkað töluvert í desember. „Sýnt hefur sig að nokkur fylgni er á milli væntingavísitölnunar og einkaneyslu. Við teljum samt að Seðlabankinn hækki stýrivexti ekki meira enda verður að hafa í huga að verðbólga er á leiðinni niður og stýrivextir háir. Raunvextir eru því háir,“ bendir Ásgeir á og bætir við að segja mætti að núna sé aðhald Seðlabankans að koma fram. „Fólk er farið að kveinka sér yfir þessu og aðhaldið endurspeglar í allri þessari umræðu um að skipta mögulega um mynt og um vaxtaokur bankanna. Fólk finnur fyrir því að stýrivextir Seðlabankans bita og það er jú það sem Seðlabankinn vill.“

Björn Rúnar Guðmundsson sérfræðingur greiningardeildar Landsbanka Íslands tekur í sama streng. „Mér kæmi mjög á óvart ef við fengjum hækkun, en það er heldur engin lækkun í spilunum.“ Hann segir vexti nokkuð háa á peningamarkaði, yfir vöxtum Seðlabankans og það sé vísbending um að enn sé töluvert eftirspurn eftir peningum í hagkerfinu. „Það hjálpar Seðlabankanum að rökstyðja að enn sé þörf á aðhaldi. Ef sú eftirspurn væri dottin niður og vextirnir sömu og stýrivextir væri það vísbending um að það væri að draga úr eftirspurn eftir fjármagni. En í og með að þeir eru töluvert mikið hærri, þá er það vísbending um að ekki sé búið að kæla kerfið nægilega mikið niður.



SEÐLABANKINN Í DESEMBER Arnór Sighvatsson aðalhafsráðgjafi, Ingimundur Friðriksson, Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson seðlabankastjórnar, á síðasta vaxtaákvörðunarfundi bankans. MARKAÐURINN/GVA

Við þessar aðstæður á auðvitað ekki að slaka á og yrði erfitt fyrir Seðlabankann að rökstyðja lækkun. „Björn bendir einnig á nýlega spá hóps sérfræðinga á Bloomberg sem allir voru sammála um að Seðlabankinn héldi stýrivöxtum líklega óbreyttum.

„Verðbólga er enn langt yfir markmiði bankans og þótt úr henni dragi talsvert á komandi mánuðum eru enn horfur á að hún verði yfir markmiði næstu tvö árin, ekki síst ef horft er framhjá beinum áhrifum fyrirhugaðrar lækkunar neysluskatta á fyrri hluta næsta árs,“ segir í rökstyðningu Seðlabankans á síðasta vaxtaákvörðunardegi. Á ákvörðunarfundi bankans þar áður í nóvemberbyrjun þegar einnig voru gefin út Peningamál, efnahagsrit Seðlabankans, var ákveðið að fresta vaxtahækkun að sinni í ljósi þess að stýrivextir væru orðnir töluvert háir og að verðbólguhorfur hefðu batnað frá því um miðbik ársins. Vaxtaákvörðunardagurinn í desemberlok var svo viðbótarákvörðunardagur þar sem ákvörðunin yrði endurskoðuð í ljósi aðstæðna.

Núna telja sérfræðingar að Seðlabankinn haldi í horfinu um sinn en í sumar kunni jafnvel að taka við lækkunarferli stýrivaxta hjá bankanum. Helsti óvissuþáttur í þeirri spá er gengisþróun krónunnar.

Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

- Vel lesið

*Gallup maí 2006

Langflottastur!

Hinn og haf / SIA

SPRON Verðbréf
Peningamarkaðssjóður SPRON
15,3% ávöxtun*



Langhæsta ávöxtunin

Eins og sjá má var ávöxtun SPRON Verðbréfa einu orði sagt framúrskarandi eða **15,3%***

Um er að ræða **Peningamarkaðssjóð SPRON**, en markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hentar hann því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en fá samt stöðuga ávöxtun. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er laus samdægurs.

Kynntu þér málið nánar á www.spronverdbref.is

 **spron**
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 1. september 2006 til 1. febrúar 2007 uppreiknað á ársgrundvelli.

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.

Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

„Hann kompælar, diffar, greppar og straujar!“

Arna er eiginkona eins af tæknimönnum Nýherja. Hún skilur ekki alltaf hvað eiginmaðurinn gerir í vinnunni enda sérhæfing hans á sviði upplýsingatæknilausna slík að aðeins fáir skilja. Annars væri það ekki sérþekking.

Eiginmaður Örnur og samstarfsfólk hans leggur metnað sinn í að nýta þekkingu sína til að auka ávinninginn fyrir þig og fyrirtæki þitt. Það er þeirra fag.

P.S. Samband Örnur við eiginmann sinn er til fyrirmyndar þrátt fyrir að hann eigi það til að tala tungum í hennar eyru. Henni finnst þó jákvætt að hann skuli líka „strauja“ í vinnunni.



Hinn og heit / SIA

Nýherji er markaðsdrifið þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í framsæknum lausnum á sviði upplýsingatækni. Hlutverk fyrirtækisins er að skapa virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Með frábæru starfsfólki, betri lausnum og góðri samvinnu skapast forskot sem viðskiptavinir okkar þekkja.


NÝHERJI

Aukið atvinnuleysi í Bandaríkjunum

Atvinnuleysi mældist 4,6 prósent í Bandaríkjunum í síðasta mánuði. Greinendum þar í landi reiknast til að þetta jafngildi því að 110.000 manns hafi fengið atvinnu í mánuðinum, sem reyndar er 40.000 störfum minna en vonir stóðu til. Þeir segja engu að síður að þótt niðurstaðan sé undir væntingum þá sé þetta merki um stöðugan vöxt hagkerfisins fremur en um ofhitnun í efnaagslfinu. Slíkt

se fagnaðarefni, ekki síst fyrir Seðlabanka Bandaríkjanna sem ákvað í síðustu viku að halda stýrivöxtum óbreyttum.

Þá eru neytendur almennt ánægðir vestanhafs enda stóð væntingarvísitalan í Bandaríkjunum í 96,6 stigum í síðasta mánuði samanborið við 91,7 stig í júlamánuði síðasta árs. Vísitalan hefur ekki verið hærri í tvö ár vestra, að þeirra mati. - jab

Dell tekur við Dell

Michael Dell, stofnandi bandaríska tölvurísans Dell, settist í forstjórstól fyrirtækisins að nýju um miðja síðustu viku eftir að fyrrverandi forstjóri fyrirtækisins tók pokann sinn í kjölfar lélegrar afkomu tölvurísans á síðasta rekstrarfjórðungi nýliðins árs.

Michael Dell stofnaði fyrirtækið á háskólaárum sínum árið 1984 og sat sem forstjóri í tuttugu ár en þá tók hann við stöðu stjórnarformanns.

Kevin Rollins, fráfarandi forstjóri Dell, þykir ekki hafa skilað af sér góðu verki en gengi fyr-

irtækisins hefur dalað allt frá því hann tók við árið 2004 auk þess sem fyrirtækið hefur ekki staðið undir væntingum markaðsaðila. Þá hafa fjármálayfirvöld í Bandaríkjunum Dell undir smásjá sinni en grunur leikur á að skekkja sé í bókhaldi fyrirtækisins.

Gengi hlutabréfa í fyrirtækinu hefur hækkað um fimm prósent frá forstjóraskiptunum. Greinendur segja engu að síður að Michael Dell verði að spýta í lófana eigi honum að takast að laga til í rekstrinum og hindra að Hewlett-Packard, helsti keppi-



MICHAEL DELL Stofnandi bandaríska tölvurísans Dell hefur sest að nýju í forstjórstól fyrirtækisins til að snúa rekstri fyrirtækisins til betri vegar. FRÉTTABLAÐIÐ/AF

natur fyrirtækisins, geti nýtt sér tækifærið og náð til sín stærri sneið á tölvumarkaðnum vestanhafs. - jab

Stýrivaxtahækkun á Indlandi

Seðlabanki Indlands, einn elsti banki landsins, hækkaði stýrivexti um 25 punkta í síðustu viku og standa vextir í landinu nú í 7,5 prósentum. Stýrivextir bankans hafa ekki verið hærri síðan í marsmánuði árið 2003.

Bankastjórn indverska seðlabankans segir hækkunina hafa verið nauðsynlega til að koma í veg fyrir að verðbólga, sem um þessar mundir mælist 6,1 prósent, fari úr böndunum. Vonir standa til að hækkunin komi ekki niður á hagvexti, sem seðlabankinn gerir ráð fyrir að verði allt að níu prósent á þessu ári samanborið við átta prósentu hagvöxt í fyrra.

Í rökstuðningi bankans kemur fram að eftirspurn hafi aukist í hagkerfi Indlands. Sýnt sé að meira magn peninga sé í umferð nú en áður, skuldir hafi aukist og verð á húsnæði fari upp á við.



FUNDAÐ MEÐ FJÁRMÁLAMÖNNUM Palaniappan Chidambaram, fjármálaráðgjafi Indlands, á fundi með fulltrúum fjármálastofnana á Indlandi á mánudag. MARKAÐURINN/AF

Stuðli það að aukinni verðbólgu.

Palaniappan Chidambaram, fjármálaráðgjafi Indlands, segir seðlabankann hafa með hækkuninni verið að gefa fjármála-geiranum ákveðnar vísbendingar um hvert stefni. Verði bankar og aðrar fjármálastofnanir að hægja á útlánastefnu sinni og draga úr þensluhvetjandi aðgerðum, að hans sögn. - jab

Tvöfalt fleiri í þrot

Tvöfalt fleiri einstaklingar voru úrskurðaðir gjaldþrota í Bretlandi í fyrra en árið 2005, eða 107.000 á móti 67.500 árið á undan. Fjölmíðlar í Bretlandi segja ástæðuna fyrst og fremst liggja í skuldum almennings, sem hafi skuldsatt sig upp fyrir haus á árinu.

Pat Boyden, sérfræðingur hjá PricewaterhouseCoopers, segir í samtali við breska ríkisútvarpið að þótt líkur séu á að gjaldþrotum fjölgi á þessu ári þá muni það ekki verða jafn snörr þróun og í fyrra. Hann áttar að stýrivaxtahækkunir Englandsbanka hafi ekki gert skuldsettum einstaklingum auðveldara um vik en



BRESKA ÞINGHÚSIÐ Í LUNDÚNUM Tvöfalt fleiri einstaklingar urðu gjaldþrota í Bretlandi í fyrra en árið 2005.

vextir á skammtímalán eru með hæsta móti í Bretlandi. - jab

Stórgróði hjá Google

Bandaríska netleitarfyrirtækið Google skilaði næstum þrefalt meiri hagnaði á fjórða ársfjórðungi nýliðins árs en á sama tíma árið 2005. Hagnaður Google nam 1,03 milljörðum Bandaríkjadala, tæplega 71 milljarði íslenskra króna, samanborið við 372,2 milljónir dala, jafnvirði 25,5 milljarða íslenskra króna ári fyrr.

Tekjur Google námu 3,2 milljörðum dala, tæpum 220 milljörðum króna, á síðustu þremur mánuðum ársins, sem að mestum hluta liggur í betri sölu á netauglýsingum á netinu fyrir síðustu jól en á fyrri árum.

Að sögn forsvarsmanna fyrirtækisins eiga kaupin á bandarísku netveitunni YouTube í október í fyrra stóran þátt í bættari afkomu fyrirtækisins en auglýsingar Google birtast sömuleið-



HÖFUÐSTÖÐVAR GOOGLE Hagnaður netleitarfyrirtækisins Google þrefaldaðist á milli ára á síðasta ársfjórðungi. MARKAÐURINN/GETTYIMAGES

is á vef YouTube. Virðist fátt benda til að samdráttur verði hjá fyrirtækinu á næstunni, að sögn forsvarsmanna Google.

Gengi Google hefur margfaldast frá stofnun fyrirtækisins fyrir níu árum en einungis vantar 10 Bandaríkjadali, tæpar 70 íslenskra króna, upp á að gengið farið í 500 dali á hlut. Það yrði nýtt met í sögu netleitarfyrirtækisins. - jab



KÁTUR FORSTJÓRI RYANAIR Michael O'Leary, forstjóri írsku lággjaldaflugfélagsins Ryanair, hefur ástæðu til að gleðjast enda var hagnaður flugfélagsins talsvert yfir væntingum greinenda. MARKAÐURINN/AF

Afkoma Ryanair tekur flugið

Írsku lággjaldaflugfélagið Ryanair skilaði talsvert betri afkomu í fyrra en greinendur höfðu spáð.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Írsku lággjaldaflugfélagið Ryanair skilaði 47,7 milljóna evra hagnaði á þriðja rekstrarfjórðungi félagsins, sem endaði í desember í fyrra. Þetta jafngildir tæpum 4,3 milljörðum íslenskra króna sem er 30 prósentu aukning á milli ára. Búiast var við minni hagnaði vegna síaukins eldsneytiskostnaðar í fyrra.

Á sama tíma árið 2005 skilaði flugfélagið 36,8 milljónum evrum í hagnað, eða tæpum 3,3 milljörðum íslenskra króna.

Tekjur flugfélagsins námu 493 milljónum evra, 44 milljörðum íslenskra króna, á tímabilinu, sem er 33 prósentu hækkun á milli ára.

Fréttaveitan Bloomberg segir Ryanair hafa hækkað ýmis gjöld á farþega á síðasta ári og tekist að koma þannig til mótis við aukinn rekstrarkostnað vegna hækkunar á eldsneytisverði og fleiri liðum.

Bloomberg segir afkomuna á fjórðungnum langt umfram spár greinenda en meðalspá þeirra hljóðaði upp á 21 milljóna evra hagnað, sem svarar til tæplega 1,9 milljarða íslenskra króna.

Þá fjölgaði farþegum sem flugu með vélum lággjaldaflugfélagsins talsvert á milli ára. Farþegar voru 10,25 milljónir talsins á síðustu þremur mánuðum nýliðins árs en það er 19 prósentu aukning frá árinu á undan.

Michael O'Leary, forstjóri Ryanair, segist búast við enn betri afkomu á þessu ári vegna lækunar á eldsneytisverði. Gerir hann ráð fyrir að hagnaðurinn muni nema allt að 390 milljónum evra, 34,8 milljörðum íslenskra króna, sem er 40 milljónum evrum meira en fyrri afkomuspá flugfélagsins hljóðaði upp á.

Flugfélagið vinnur enn að óvinveittri yfirtöku á írsku flugfélaginu Aer Lingus. Lítið hefur hins vegar þokast í málinu. Haft hefur verið eftir O'Leary að svo geti farið að Ryanair leggi fram nýtt yfirtökutilboð í flugfélagið í maí.

Zune-stjórinn farinn frá Microsoft

Bryan Lee, framkvæmdastjóri afþreyingardeildar bandaríska hugbúnaðarrisans Microsoft, hefur sagt upp störfum. Lee var í forsvari deildar sem hafði umsjón með þróun og sölu á Zune-spílaranum sem kom á markað um miðjan nóvember í fyrra. Lee kom til starfa hjá Microsoft árið 2000 og vann meðal annars að markaðssetningu Xbox-leikjafólunnar.

Forsvarsmenn Micro-

soft segja brotthvarf Lees vera af persónulegum ástæðum og í engum tengslum við að sala á Zune-spílaranum hafi verið talsvert undir væntingum.

Microsoft batt miklar vonir við Zune-spílarann, sem etja átti kappi við iPod-spílarann frá Apple. Þær vonir hafa ekki ræst enda hefur Microsoft einungis



ZUNE-SPILARI Microsoft hefur selt færri Zune-spílara frá því í nóvember í fyrra en vonir stóðu til. MARKAÐURINN/AF

nælt sér í um 10 prósentu sneið af bandaríska markaðnum en Apple trónir á toppnum með 85 prósentu markaðshlutdeild.

Að sögn greinanda hjá bandaríska markaðsrannsóknafyrirtækinu Gartner byrjaði salan á Zune-spílarunum vel og lofaði hún góðu áður en hún fór að dala hratt.

Microsoft horfir engu að síður björtum augum á framtíðina og horfir til þess að selja allt að eina milljón spílara fyrir lok júní í sumar. - jab



Hvernig ...



... er ...



... heimurinn ...

... á litinn?



Íslandsprent

Afritunarvörn háskerpu-diska rofin

Afritunarvörn á nýju HD DVD-háskerpu-diskunum hefur verið rofin. Þetta segir staðlanefnd stuðla að því að tryggja varnir sem þessar svo ekki verði hægt að afrita mynddiska að vild.



HD-DVD DISKUR
Afritunarvörn HD DVD háskerpu-diska var rofin um áramótin.

Nefndin segist hafa heimildir fyrir því að tölvuþrjútur nokkur hafi undir lok síðasta árs náð að rjúfa vörnina á nokkrum háskerpu-diskum, sem nýkomnir eru á markað. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem fréttist af slíku. Nefndin segir engu að síður allt í stakasta lagi. Diskarnir séu ekki margir auk þess sem efni þeirra taki mikið geymslupláss. Því séu litlar líkur á að meðalþjóninn taki upp á því að afrita efni diskanna í miklu magni.

Þrjúturinn sem braut vörnina

kallar sig musliz64 í netheimum. Í samtali við netmiðilinn Slyck segir hann óánægju með að sjónvarp hans hafi ekki viljað sýna myndir á HD DVD-diskunum vera einu ástæðuna fyrir því að hann hafi ákveðið að brjóta vörn disksins.

„Ég er bara óánægður viðskiptavinur,“ sagði hann og benti á að hluti af vörn affreyngarfyrirtækjanna væri að gera diskana þannig úr garði gerða að þeir virki einungis í þeim sjónvörpum og diskaspilurum sem hafi HDMI eða DVI-tengi. „Ég verð brjálaður ef ég get ekki spilað þá diska sem ég hef keypt mér bara vegna þess að einhverjir forstjórar í Hollywood ákváðu að hafa þetta svona,“ sagði hann.

- jab



UTAN Á GEIMSTÖÐINI Sunita Williams við störf utan á Alþjóðlegu geimstöðinni. Allt stefnir í að hún slái eigið heimsmet í geimgöngu á ný á morgun.

MARKAÐURINN/AFP

Kvengeimfari slær met í geimgöngu

Bandaríski geimfarinn Sunita Williams sló heimsmet á sunnudag en engin kona hefur gengið jafn lengi í geimnum en hún.

Williams fór út í geimferjunni Discovery 10. desember síðastliðinn og mun dvelja við viðhald á Alþjóðlegu geimstöðinni í hálf tveggja vikur ásamt sex öðrum geimförum.

Williams hefur í tveggja farið út á skrokk geimstöðvarinnar síðan hún kom þangað og lagað eitt og annað, síðast kælikerfi stöðvarinnar. Hver geimganga tekur talsverðan tíma en önnur geimganga hennar tók rúmar

sjö klukkustundir. Þetta var hins vegar í áttunda sinn sem félagi hennar, Michael Lopez-Alegria, fór í geimgöngu en hann situr nú í þriðja sæti yfir lengstu geimgöngur karla.

Metið sem hún sló á sunnudag jafngildir því að hún hafi gengið samfleytt í 22 klukkustundir og 27 mínútur í geimnum sem er tæpri einni og hálfri klukkustund betur en fyrra met.

Miklar líkur eru á að Williams slái eigið met á morgun en þá mun hún fara í sína þriðju geimgöngu út á skrokk Alþjóðlegu geimstöðvarinnar.

- jab

Farsímafélög sameinast um leitarvél fyrir síma

Nokkur af stærstu farsímafyrirtækjum í Evrópu eru sögð vinna að gerð leitarvélar fyrir farsíma.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Orðrómur er uppi um að sjö farsímarisaris í Evrópu og í Bandaríkjunum ætli að sameinast um að smíða leitarvél í farsímum af þriðju kynslóð í farsímatækni. Búið er við að vélin muni keppa við sambærilegar leitarvélar Google og Yahoo!

Í vefútgáfu breska dagblaðsins Telegraph um síðustu helgi segir að fulltrúar breska farsímarisans Vodafone, franska farsímafélagsins Telecom, Telefonica á Spáni, sem sinnir jafnt innanlandsmarkaði og Suður-Ameríku, hins þýska Telekom, indverska farsímafélagsins Hutchison Whampoa, Telecom á Ítalíu auk bandaríska farsímafyrirtækisins Cingular ætli að hittast á leynilegum fundi á hinna árlegu farsímaráðstefnu, sem hefst í Barcelona á Spáni á mánudag í næstu viku.

Helsta ástæðan fyrir samvinnunni mun vera sú að tryggja afkomu farsímafélaganna í framtíðinni en fyrirtækin hafa þurft að horfa upp á lægri tekjur vegna lækkunar á farsímagjöldum þrátt fyrir að farsímanotendum hafi fjölgað ár frá ári.

Þá er jafnframt horft til þess að farsímanotkun muni taka stórt stökk á næstu árum, ekki síst með aukinni útbreiðslu þriðju kynslóðarinnar í farsímatækni. Blaðið segir áætlanir standa til að um tuttugu prósent farsímanotenda í Bretlandi muni hafa aðgang að háhraðatengingum undir lok þess árs. Með auknum hraða verði meiri eftirspurn eftir leitarvélum í farsímum líkum þeim sem er fyrir á netinu, að sögn blaðsins.

Ekki liggur nákvæmlega fyrir hver næstu skref farsímafyrirtækjanna verða. Þá er í gildi samningur á milli nokkurra af fyrirtækjunum, meðal annars Vodafone og Hutchison við Google um innbyggðar leitarvélar í farsímum fyrirtækjanna. Leitarvélin í símunum er ekki að fullu virk



MEÐ ÞRIÐJU KYNSLÓÐAR FARSÍMA Sjó af stærstu farsímafélögum í Evrópu og Bandaríkjunum ætla að ræða saman um gerð nýrrar leitarvélar fyrir farsíma í næstu viku.

MARKAÐURINN/AFP

en reiknað er með að af því verði síðar á þessu ári. Óvíst er hvort fyrirtækin muni rifta samningum við Google í kjölfarið eður ei.

Viacom gegn YouTube

Bandaríski fjölmiðlarisinn Viacom fór fram á það í síðustu viku að netveitan YouTube eyði 100.000 myndskráum af netþjónum sínum. Viacom segir skrárnar brjóta í bága við höfundaréttarlög og til sönnunar um að netveitan hafi trassað að setja upp hugbúnað sem sár efni sem varíð er með höfundaréttarlögum frá öðru efni á netveitunni.

Fulltrúar Viacom og YouTube, sem bandaríska netleitarfyrirtækið Google keypti síðastliðið haust, hafa rætt málið svo mánuðum skiptir. Hafi Viacom óskað eftir því að YouTube greiddi fyrir notkunina með einhverjum

um hætti. Úr því varð ekki og því samþykkti YouTube að verða við óskum Viacom. Fulltrúar YouTube benda hins vegar á að niðurstaðan sé dapurleg því netverjar hafi mikinn áhuga á efni fyrirtækisins og því ætti Viacom að sjá hag sinn í því að dreifa og kynna efni sitt með þessu hætti.

Nokkur fyrirtæki í affreyngargeiranum vestanhafs, þar á meðal bandaríska sjónvarpsstöðin CBS, hefur gefið YouTube leyfi til að vista og dreifa efni sínu. Önnur fyrirtæki eiga hins vegar enn í viðræðum við netveituna.

- jab



YOUTUBE Í TÖLVUNNI Bandaríska affreyngarfyrirtækið Viacom hefur krafist þess að YouTube fjarlægji 100.000 myndskrár.

MARKAÐURINN/AFP

SÖGUHORNID

Tímamótadagur í lífi Chaplins

Fimmti febrúar var merkisdagur á margan hátt í lífi breska grínleikarans Charlies Chaplin. Það er hins vegar fjarri að þessi tímamót, sem voru af tvennum toga, hafi gerst á sama árinu því sautján ár liðu frá fyrsta merkisdeginum fram að þeim næsta.

Fyrsti merkisdagurinn var hinn 5. febrúar árið 1919 þegar Chaplin stofnaði kvikmyndafyrirtækið United Artists ásamt Hollywoodstjörnunum Douglas Fairbanks og Mary Pickford, sem jafnframt var ein hæstlaunada leikkona Bandaríkjanna með eina milljón Bandaríkjadala í laun fyrir hverja mynd. Fjóroð stofnandinn var svo bandaríska leikstjórninn D. W. Griffith.

Fyrirtækið var upphaflega stofnað sem framleiðslufyrirtæki fyrir listamennina og horfðu þau til þess að með því gætu þau haft meiri áhrif á myndir sínar en ef þau heyrðu undir önnur fyrir-

tæki. United Artists fékk ekki góðar undirtektir samkeppnisaðila fyrirtækisins enda var haft eftir Richard A. Rowland, forstjóra kvikmyndafyrirtækisins Metro Pictures, að nú hefðu sjúklingarnir tekið hælið yfir.

Í fyrstu horfðu stofnendurnir til þess að framleiða fimm kvikmyndir hver undir merkjum United Artists. En svo fór ekki því þegar starfsemi hófst árið 1920 hafði framleiðslukostnaður við kvikmyndir rokið upp úr öllu valdi auk þess sem dagar stuttra kvikmynda voru liðnir. Það var því snemma ljóst að markmið stofnendanna gætu seint staðist. Fjórum árum síðar var reksturinn svo orðinn þungur í vöfum og taprekstur fram undan.

Þótt United Artists hafi gengið í gegnum nokkrar breytingar um tíðina er kvikmyndaframleiðsla fyrirtækisins enn í fullum blóma og framleiðir það myndir á borð

við Hótel Rúanda og Capote. Á meðal hluthafa er bandaríska stórleikarinn Tom Cruise, en hann gekk til liðs við fyrirtækið eftir að bandaríska kvikmyndarisinn Paramount Pictures sleit samningum við hann eftir 14 ára samstarf.

Þennan sama dag árið 1936, sautján árum eftir stofnun United Artists, var meistara-verk Chaplins, Nútíminn frumsýnt undir merkjum fyrirtækisins. Um talsverð tímamót var að ræða fyrir Chaplin enda var þetta síðasta þögla kvikmyndin sem leit dagsins ljós. Myndin var þó ekki með öllu þögul því rétt undir lok hennar fékk rödd Chaplins að hljóma lítillaga í fyrsta sinn á hvíta tjaldinu.

Leikarinn tók sér fjögurra ára hlé eftir þetta. Næsta mynd hans var Einræðisherrann, fyrsta talmynd leikarans, þar sem grín var gert að Adolf Hitler.



CHARLIE CHAPLIN Fimmti febrúar var mikilvægur dagur í lífi gamanleikarans Charlie Chaplin.



Ný vara

BOSS
HUGO BOSS

BOSS | KONUR | MENN
KRINGLUNNI 533 4242

Með meistaragráðu í fótboltafræðum

Peir eru fáir hér á landi sem búa yfir menntun í stjórnun knattspyrnuliða. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* heyrði í **Stefáni Sveini Gunnarssyni**, sem lagði stund á MBA-nám við Háskólann í Liverpool, og fékk hans sýn á kaup Íslendinga á erlendum fótboltafélögum og framtíð fjárfestinga í knattspyrnunni.

Peir eru ófáir sem láta sig dreyma um að eyða tíma sínum á skólabeck í að uppræðast um knattspyrnu. Stefán Sveinn Gunnarsson, deildarstjóri markaðsdeildar Tryggingamiðstöðvarinnar og stundakennari í vörumerkjastjórnun við Háskólann í Reykjavík, hefur brennandi áhuga á þessari vinsælustu íþrótt heims. Því lét hann það ekki aftra sér að hafa nýlokið meistaragráðu í alþjóðamarkaðsfræði heldur skellti sér í MBA-nám með áherslu á stjórnun knattspyrnuliða í Háskólanum í Liverpool. Mun hann vera fyrsti og eini Íslendingurinn sem hefur lagt stund á það nám. Flestir muna eftir ævintýrinu þegar Guðjón Þórðarson fékk öflugan hóp fjárfesta í lið með sér við að taka yfir breska knattspyrnuliðið Stoke. Þeirri sjö ára sögu lauk í maí síðastliðnum þegar Gunnar Gíslason, stjórnarformaður liðsins, sagði starfi sínu lausu. Í sömu viku rann félagið endanlega úr eigu Íslendinga án þess að þeir kæmu liðinu í þær hæðir sem stefnt var að. Margir fylgdust svo spennir með aðdraganda þess að þeir Eggert Magnússon, fráfarandi formaður KSÍ, og Björgólfur Guðmundsson keyptu fótboltafélaginn West Ham í haust fyrir jafnvirði fjórtán milljarða íslenskra króna. Sú spurning hefur brunnið á margra vörum síðan hvort fjárfestingin sé arðbær eða hvort Stoke-sagan muni endurtaka sig.

STOKE OG WEST HAM ÓSAMBÆRILEG

Að mati Stefáns eru dæmin um Stoke og West Ham með öllu ósambærileg. „Þegar Stoke var keypt var knattspyrnulegur metnaður í fyrirrúmi þó auðvitað hafi menn einnig ætlað sér að hagnast á því. Menntu sjá hvað Guðjón Þórðarson gæti gert með lið í Englandi. Þessu er allt öðruvísi farið með West Ham. Þeir félagar hafa valið það úr hópi þó nokkurra liða sem tækifæri var til að eignast.“

Stefán segir það lyklatríði að West Ham er í London, einni stærstu viðskiptaborg heims. „Þar liggja gríðarleg tækifæri, til dæmis í að selja miða til fyrirtækja, ekki síst þar sem klúbburinn er nálægt viðskiptahverfinu í London. Enn fremur hafa íbúar London að meðaltali mun hærri tekjur en íbúar í öðrum stórum borgum Englands.“

Eggert hefur gefið í skyn að völlumurinn sem liðið spilar á núna verði hugsanlega seldur. Er þá talið líklegt að West Ham fái annaðhvort Ólympíuleikvöllinn, sem verður byggður fyrir leikana 2012, eða að nýr völlumur verði byggður. Í þessu sér Stefán mikla möguleika. „Eftir Ólympíuleikana mun þetta svæði gjörbreytast og það verður enn verðmætara að eiga knattspyrnulið þarna. Með nýjum velli gæti klúbburinn haldið í þennan kjarna aðdáenda sinna sem fylgt hefur liðinu frá upphafi, sem og höfðað til þess arðbæra markhóps sem felst í fjármálaheiminum.“

Stefán telur því West Ham hafa verið góðan fjárfestingakost. Ekki síst vegna þess að eftir að félagið féll um deild fyrir þremur árum var farið í gegnum mikið hagræðingarstarf. Því var félagið þegar vel rekið þegar Eggert tók við stjórnarformennskunni. Stefán segir klúbbinn jafnframt búa yfir sterkara vörumerki en mörg önnur bresk fótboltafélög.

BREYTTAR FJÁRFESTINGAFORSENDUR

Það er ekki svo langt síðan menn fjárfestu nær eingöngu í knattspyrnuliðum vegna brennandi áhuga, ef frá eru taldar fjárfestingar í stærstu og verðmætustu liðunum á borð við Liverpool og Manchester United. Stefán segir að þetta hafi breyst, þótt sjálfsagt höfði fjárfestingar í fótboltafélögum meira til þeirra sem hafa áhuga á íþróttinni. „Í dag eru ákvarðanir fyrst og fremst teknar á viðskiptalegum forsendum. Eftir að sjónvarpsréttarsamningar urðu verðmætari fór að vera meira á rekstri klúbba að græða. Svo eru líka margir auðugir menn í Evrópu sem vilja



eignast fótboltafélagi því það veitir þeim vissa ímynd og stöðu meðal elítunnar. Abramovich hefði ekki tryggt sér sömu umfjöllun í ensku pressunni ef hann hefði fjárfest í öðrum hefðbundnari iðnaði.“

REKSTURINN ÓLÍKUR ÖÐRUM

Rekstur knattspyrnuliða er um margt ólíkur öðrum rekstri. Augljósasta dæmið um það er að völd fjárfestinga nær ekki til leikmannanna inni á vellinum. Öll sú stefnumótun og markaðsstarf sem stjórnendur hafa lagt á sig getur staðið og fallið með níutíu mínútna knattspyrnuleik. Það má því með sannri kalla West Ham-kaupin áhættufjárfestingu.

Þrátt fyrir að fjárfestingar í knattspyrnufélögum verði alltaf áhættusamar telur Stefán iðnaðinn hafa mikla framtíðarmöguleika. Lokaverkefni hans í alþjóðamarkaðsfræði fjallaði einmitt um stjórnun viðskiptatengsla í knattspyrnumhverfinu. „Það sem oft þarf að yfirstíga í stjórnun viðskiptatengsla í venjulegu viðskiptumhverfi er að viðskiptavinurinn vill ekki að fyrirtæki séu stöðugt að hafa samband við sig. Þessu er öfugt farið í tilviki knattspyrnuliða þar sem aðdáendur kalla eftir auknum samskiptum.“

Stefán segir jafnframt mikla og ónýtta tekju-

möguleika felast í miðlum á borð við internetið og farsíma. „Í dag er verið að selja sjónvarpsréttinn að leikjunum á sjö hundruð milljónir punda. Þegar hægt verður að kaupa ársmiða með því að skrá sig á netið eða fá leikinn sendan í símann sinn eiga þessar tölur eftir að margfaldast. Slíkir miðlar bjóða líka gagnvirkni þar sem hægt er að bæta við ýmsum virðisaukandi þáttum. Eins mun stóruaukinn áhugi á íþróttinni í Asíu og Bandaríkjunum gefa henni byr undir báða vængi. Þarna eru gríðarlega stórir markaðir að opnast.“

ÞRIÐJA ÆVINTÝRIÐ Í VÆNDUM?

Hugsanlegt er að þriðja íslenska fótboltaævintýrið sé í vændum. Í síðustu viku bárust nefnilega fréttir þess efnis að hópur skoskra fjárfesta og hluthafa í skoska úrvalsdeildarfélaginu Hearts vilji ólmur fá íslenska fjárfesta að félaginu. Munu þeir skosku hafa fengið hjálp frá ræðismanni Íslands í Edinborg, Cameron Buchanan, sem einnig mun hafa áhuga á að fjárfesta. Spurður að því hverjar hann telji vera ástæðurnar fyrir áhuga Skotanna á aðkomu Íslendinga dettur Stefáni helst eitt í hug. „Ætli þeir hafi ekki bara haft spurnir af því að hér er nóg af knattspyrnuáhugamönnum sem eru opnir fyrir erlendum fjárfestingum?“

FRÓÐUR UM FÓTBOLTA

Stefán Sveinn Gunnarsson telur fjárfestingu þeirra Björgólfs Guðmundssonar og Eggerts Magnússonar í West Ham góða. Þrátt fyrir að félagarnir séu áhugamenn um fótbolta hafi ákvörðunin um að fjárfesta í West Ham auglýsilega verið tekin á þeim forsendum að hægt væri að hagnast á henni.

MARKAÐURINN/ANTON



NETVISION

Miðlaðu á **markvissan** hátt með Netvision

mentis HUGBÚNAÐUR



ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
í 30 daga á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

Stólaðu á okkur

**Mesh, Big Boss
og fleiri stólar
á frábæru verði**



Mesh á sleða

35% afsl.
Áður 28.900
Nú 18.785

Fundarborð í hlyn
**Tilboðsverð
19.440**



Big Boss
25% afsl.
Áður 39.900
Nú 29.925

Hjá **Inn X** færð þú mikið og gott úrval af þægilegum stólum. Í nokkra daga bjóðum við sérstakt tilboðsverð á sérvöldum stólum. Á meðal tilboðsstólanna er **"Mesh"** stóllinn sem er með leður setu, neti í baki og króm grind. **"Mesh"** stóllinn hentar mjög vel sem gesta- og fundarstóll.

"Big boss" er einnig frábær fundarstóll með leðri og á hjólum.

Notaðu tækifærið og fáðu þér góðan stól á frábæru verði!

Við setjum þér ekki stóllinn fyrir dyrnar.



RH moveon
30% afsl.
Áður 127.700
Nú 89.390



Let's B
35% afsl.
Áður 63.900
Nú 41.535

INN X

Inn X ehf
Faxafen 8 • Sími 577 1170
innx@innx.is • www.innx.is

SNÆFELL AÐ VETRI Náttúrufar er sá þáttur sem Ísland er helst þekkt fyrir. Simon Anholt, sérfræðingur í myndarmálum þjóða, segir að þannig hafi landið sjálft ákveðna mynd meðal útlendinga, en þjóðareinkenni séu meira á reiki. Hans eigin upplifun á Íslendingum er á þá leið að þar fari nokkurs konar Miðjarðarháfsútgáfa af Norðurlandabúum, Íslendingar séu blóðheitir, hugmyndaþekkir og framkvæmdaglaðir, en um leið duglegir og skipulagðir.

MARKAÐURINN/VILHELM

DAGSKRÁ VIÐSKIPTAÞINGIS 2007

Viðskiptaþing Viðskiptaráðs Íslands hefst á Nordica hóteli klukkan eitt í dag með skráningu, en hálf tíma síðar hefst dagskrá með ræðu Erlends Hjaltasonar, forstjóra Exista og formanns Viðskiptaráðs.

Laust fyrir klukkan tvö heldur svo Simon Anholt, sérfræðingur í myndarmálum þjóða fyrirlesturinn „Competitive identity of Iceland“.

Að loknu kaffihléi, klukkan að verða hálf þrjú, afhendir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra námsstyrki Viðskiptaráðs og að því loknu heldur Geir Hilmar Haarde forsætisráðherra ræðu.

Klukkan tíu mínútur fyrir fjögur hefjast svo pallborðsumræður undir stjórn Evu Maríu

Jónsdóttur þar sem fulltrúar viðskiptalífsins bregðast við undangengnum umræðum á þinginu.

Fyrir svörum sitja Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Exista

og Bakkavarar Group, Svafa Grönfeldt, rektor

Háskólans í Reykjavík, Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri

Baug's Group og Róbert Wessman, forstjóri Actavis.

Að umræðum loknum heldur svo Halla Tómasdóttir ræðu með yfirskriftina „Hvernig verður Ísland best í heimi?“ Klukkan hálf fimm tekur svo við móttaka í boði Viðskiptaráðs.

Fundarstjóri Viðskiptaþings 2007 er Jón Karl Ólafsson forstjóri Icelandair, en þingið fer fram undir yfirskriftinni „Ísland, best í heimi?“ – Alþjóðlegt orðspor og mynd“ en í tilefni af því verða einnig gefnar út tvær skýrslur, „Iceland's Advance“, þar sem kortlögð er útrás íslenskra fyrirtækja á árunum 2001 til 2006 og svo „Anholt Nation Brands Index: Iceland 2006“.



LÝÐUR



SVAFA



JÓN ÁSGEIR



RÓBERT



Blóðheitir Norðurlandabúar á

Simon Anholt, sérfræðingur í myndarmálum þjóða, kynnir rannsókn sína á Íslandi á Viðskiptaþingi 2007 sem Yfirskrift viðskiptaþings að þessu sinni er „Ísland – best í heimi?“ Óli Kristján Ármannsson ræddi við sérfræðing haga beri kynningarmálum þjóðarinnar. Ekki á að þurfa að kosta meiru til, heldur nægir skipulagning og sam-

„Í rauninni er ekki hægt að búa til vörumerki handa þjóð og markaðssetja,“ segir Simon Anholt, sérfræðingur í myndarmálum þjóða, sem heldur í dag fyrirlestur á viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands. Að beiðni Viðskiptaráðs fór Simon í haust fyrir stýrihópi viðskiptalífs og stjórnvalda um myndarmál landsins og kynnir í dag niðurstöður eigin rannsóknar um mynd Íslands í samamburði við önnur ríki, sem gerð var meðal hátt í 30 þúsund manna í 35 löndum. Stýrihópurinn kom saman nokkrum sinnum, hálfan dag í senn, var skipaður forsætisráðherra, utanríkisráðherra, viðskiptaráðherra, menntamálaráðherra auk fulltrúa Viðskiptaráðs.

AUGLÝSINGASTOFUR BJARGA ENGU

Simon segir að þegar hann datt fyrst niður á frasann „vörumerking þjóða“ eða „nation-branding“ hafi hann í raun haft þá afmörkuðu hugmynd í huga að sérhvert land eða borg hefði einhverja mynd eða orðspor hvort sem þeim líkaði betur eða verr. Hann segir myndina eða orðsporið mjög mikilvægt og oft á tíðum sé það svo að hugmyndirnar sem fólk geri sér um þjóðir eða borgir séu mikilvægari en raunveruleikinn því myndin sé hreyfiaflið á bak við ferðamannaíðnað, viðskipti, samstarf við aðrar þjóðir og fjölmarga þætti aðra. „Ef til vill er tímabært að ríkisstjórnir heims geri sér grein fyrir því að auk þess að stýra landi séu þær að vinna með vörumerki.“

Vandamálið segir Simon hins vegar vera að fólk hafi ákveðnar hugmyndir um fyrirbærið „vörumerki“ og setji samasemmerki milli þess og að hægt sé að „selja“ lönd á svipaðan hátt og hægt er að selja varning. „Þar með var komin upp sú algalna staða að bláfátækar Afríkubjóðir hringdu í auglýsingastofur og báðu um vörumerki fyrir þjóðina. Auglýsingastofur taka náttúrulega fegins hendi slíkum verkefnum og tugmillj-

ónum bandaríkjadala fyrir, en löndin fá í staðinn vörumerki og slagorð. Allt er þetta frekar hræðilegt í raun og sárt að bera að hluta til ábyrgð á þessu. Vegna þessa hef ég fært fræðin í nýjan búning og tala fremur um samkeppnisjálfsmynd [e. competitive identity], sem vel að merkja er líka titillinn á nýju bókinni minni,“ segir Simon og kveðst hafa viljað fá meira vit í umræðuna.

„Það er hægt að gera ýmislegt til að byggja upp mynd þjóðar en það verður ekki gert með beinum hætti á borð við auglýsingar eða tilkynningar. Fólk hefur lítinn áhuga á skilaboðum frá þjóðríkjum eða hvað þar er aðhafst. En fólk trúir samt alla jafna því sem það les í blöðum um lönd.“ Til þess að ná árangri í að bæta mynd sína segir Simon Anholt að byrja þurfi á að spyrja nokkurra erfiðra spurninga. „Hvað höfum við gert til að verðskulda þá mynd sem við höfum í dag. Þegar svarið við þeirri spurningu er komið veit fólk líka hverju þarf að breyta.“

SÉRGÁFA ÍSLENDINGA

Ísland segir Simon Anholt að sé í mjög áhuga-verðri stöðu þar sem landið hafi ekki á sér slæmt orð, miklu fremur að það hafi nokkurs konar lánsorðspor frá Skandinavíu.

„Flestir vita að Ísland er eitt Norðurlandanna og því fær þjóðin yfirferða mynd Skandínava, sem er ekki slæmt, því Skandínavía hefur nokkuð góða mynd. Orðspor Íslands er hins vegar ekki orðspor þjóðar heldur lands. Ímynd landsins út á við snýst ekki um fólk sem það byggir og gjörðir þess heldur um landslagið. Kynningar fyrir ferðamenn hafa gengið nokkuð vel og þess vegna vita margir eitthvað um landið og hvernig það lítur út. En af því þjóðarímyndin er fengin að láni telur fólk almennt að þetta sé fallegt land nærri norðurlöndum byggt af Skandínóvum.“ Þetta segir Simon hreint ekki nógu gott og telur verk að vinna í að upplýsa heiminn um hver sérgáfa

Íslendinga sé. „Og þarna þykist ég hafa dottið niður á svarið,“ bætir hann við.

Af kynnum sínum við Íslendinga, sem Simon segist kunna svo vel við eftir sex heimsóknir hingað að hann hugleiði í alvöru að flytja hingað búferlum frá Bretlandi, segist hann hafa fundið út að í þeim blandist til helminga skandinavískt eðli og svo einkenni þjóða sem búa við Miðjarðarhafið. „Það mætti kalla þetta *latino-nordic*,“ segir hann.

Fyrst áttaði Simon sig á þessu þegar hann var á leiðinni hingað í fyrsta sinn og beið í innritunarröð á Heathrow-flugvelli. „Þá bar að fólk úr flugi frá Reykjavík og nálægt 60 prósent fólks úr báðum hópum tók þegar að faðmast og hrópa og blaðra. Ég hugsaði með mér: Guð minn góður þetta er eins og á Ítalíu.“ Hann sagði náttúrulega í ljósi smæðar þjóðarinnar ekki óeðlilegt að fólk þekktist. „En þetta var bara svo úr takti við skandínávíska hegðun. Og eftir því sem ég kynntist þjóðinni betur varð mér ljóst að á einhvern hátt hefur ykkur tekist að sameina bestu kosti Miðjarðarháfsins og Skandinavíu. Niðurstaða mín er því sú að þarna sé sérgáfa Íslendinga falin, í þessari einstöku blöndu af hæfni Skandínavans og blóðhita Miðjarðarháfsins. Eldur og ís, nefnilega!“

ÁRATUGAVERKEFNI FYRIR DYRUM

Sérgáfuna segir Simon Anholt svo að þurfi að kynna heiminum. „Og ekki dugir að segja bara frá þessu, heldur þarf að tína til bestu dæmin sem sanna og sýna fram á þetta einstaka eðli Íslendinga, bestu fyrirtækin, stofnanir, uppfinningar og menningarafurðir, allt frá Björk og niður línuna. Draga þarf fram þennan undirliggjandi sannleika um þjóðina. Ef nóg er gert af þessu, hlutirnir kynntir, lögð á þá áhersla og öll kynningin er tengd áréttun á þessari sérstöðu þá er hægt að breyta mynd lands í mynd þjóðar.“ Þetta segir Simon hins vegar að kunni að taka mörg ár. „Af því að

fólk hefur kannski ekki svo mikinn áhuga á þessu. En um leið og kynningin heppnast þá verða áhrifin ljós um leið. Fólk kemur til með að sjá einhvern varning frá ykkur kominn og segja: Já, þetta er frá Íslandi! Þá er það örugglega frábært!“ Annað dæmi gæti svo að sögn Simons mögulega verið að fólk ætti auðveldara með að fá vinnu í útlöndum og svo vitanlega aukinn ferðamannastraumur. Ávinningurinn af góðu orðspori þjóðar sé því mikill. „En þetta er áætlun sem þarf að ná 10, 50 eða jafnvel hundrad ár fram í tímann.“

Reyndar hrósar Simon Anholt stjórnvöldum hér sérstaklega fyrir framsýni og kveðst ekki hafa rekist á það í öðrum löndum þar sem hann hefur tekið að sér viðlíka verkefni að menn væru tilbúnir til að horfa jafnlagt fram í tímann. „Taki verkefni til lengri tíma en 10 til 15 ára missa menn oftast áhugann, en ég verð að segja að Geir Haarde og stjórn hans er alls ekki svoleiðis. Viðhorfið er næstum austurlenskt.“

KOSTNAÐUR Í LÁGMARKI

Með trausta og jákvæða ímynd segir Simon að miklu auðveldara sé að fást við áföll sem ríða kunni yfir, svo sem neikvæða umræðu um efnahagslífið sem upphófst snemma á síðasta ári, eða umræðu um hvalveiðar, svo eitthvað sé nefnt. „Við eigum hins vegar að einbeita okkur að því að koma til skila þessari jákvæðu ímynd þjóðarinnar. Þannig getur vel verið að fjármálageirinn sýni ekki aðra hlið þjóðarsálarinnar en þá skandínávísku og blóðhitinn komi frekar fram í öðrum hlutum, en það er þessi blöndun sem við viljum koma til skila. Við viljum bara kynna þau góðu verk sem hér eru unnin og í þeim endurspeglast eðli þjóðarinnar.“

Samhæfing aðgerða og markaðsstarf segir Simon svo væntanlega vera leiðina til að kynna þjóðarímyndina, því ekki dugi að auglýsa bara. „Hvernig best er að halda á málum getur verið mismunandi milli landa. Viðskiptaþing Viðskiptaráðs er hluti af næsta skrefi Íslands í þessum efnunum. Finna þarf út bestu leiðina fyrir Ísland til að gera þetta.“

Í sumum öðrum löndum segir Simon að hafi gefist vel að búa til nokkurs konar samhæfingarráð sem starfar með ferðamálaráði, fjárfestingastofu, stjórnvöldum, menningar- og menntageiranum og gengur úr skugga um að skilaboðin sem hver og einn sendir út í heiminn séu sambærileg. „Að auki segir Simon að þörf sé á stofnun sem leitar uppi og kynnir hæfileikafólk og önnur verðug verkefni sem unnið er að hér innanlands. „Nokkurs konar hæfileikaskrifstofu sem stöðugt er á höttunum eftir bestu hugmyndunum og verkefnum, kynnir þau, fjármagnar og kemur á tengslum milli þeirra sem starfa á svipuðum sviðum.“

n ímyndar

Viðskiptaráð Íslands heldur í dag. Þinginn um einkenni landans og hvernig afhent átak allra sem að málum koma.



SIMON ANHOLT Uppbygging þjóðarímynda er langtíma verkefni sem tekið geti ár og áratugi og snúist fyrst og fremst um stefnu og markvissa framsetningu upplýsinga.

Kostnaður við allt þetta segir svo Simon vera óþekkt stærð. „Enda vitum við ekki enn hvað við ætlum að gera. Reynsla annarra landa er hins vegar sú að þetta kostar varla nokkuð því í raun er bara verið að tala um hæfileikaleit, samhæfingu aðgerða og endurskipulagningu hluta sem þegar eru í framkvæmd. Auðvitað er einhver stjórnunar-kostnaður en ekkert sem hleypur á milljónum dollara.“ Aukinheldur segist Simon þeirrar skoðunar að rangt sé að eyða almannafé í kynningu. „Mér finnst það bara peninga-eyðsla. Mér finnst hins vegar rétt að eyða í nýsköpun og arðbær verkefni.“



ERLENDUR OG HALLA Erlendur Hjaltason formaður og Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, sem leitt hefur upplýsandi umræðu um íslenskt viðskipta- og efnahagslíf. Núna horfa þau til framtíðar í ímyndarmálum landsins.

MARKAÐURINN/GVA

Umræðan sýndi að aðgerða væri þörf

Formaður og framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs fara yfir ástæður vals umræðuefnis Viðskiptaþings.

Ákvörðun Viðskiptaráðs um að beita sér fyrir umræðu um ímynd Íslands og velta upp hugmyndum um hvort þar mætti halda betur á er tekin í kjölfar þeirrar orrahríðar sem íslenskt efnahagslíf og fjármálafyrirtæki urðu fyrir í byrjun síðasta árs. Ljóst var síðsumars að skýrsla Frederics Mishkins og Tryggva Þórs Herbertssonar um íslenskt efnahags- umhverfi sem Viðskiptaráð lét einnig gera markaði þáttaskil í umræðu sem oft á tíðum hafði einkennst af vanþekkingu og misskilningi. Þeirri skýrslu var ætlað að slökkva elda, en Viðskiptaráð vildi líka huga að forvörnum.

„Bakgrunnur þess að við völdum þetta efni á Viðskiptaþingið er sú erfiða staða sem við lentum í síðastliðinn vetur, í febrúar, mars, í umfjöllun um íslensk fyrirtæki og viðskiptalíf,“ segir Erlendur Hjaltason, formaður Viðskiptaráðs. „Þá var hver að svara í sínu horni, en ekkert samstillt átak um hvernig bregðast ætti við aðstæðum eins og þessum.“

Erlendur segir að hann og Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, hafi sest niður til vangaveltna um hvernig best væri að bregðast við og kallað til ráðgjafar valinkunna menn. „Svo var farið í að kalla eftir Mishkin skýrslunni.“

„Viðskiptaráð naut í þessum aðgerðum sínum að vera nokkurs konar hlutlaus aðili sem kallaði eftir sérfræðilíti, en óvíst er að skýrsla um íslenskt efnahagslíf frá bönkunum hefði haft jafn mikil áhrif eða notið sama trúverðugleika,“ bendir Halla á, en næsta skref hafi svo verið að hyggja að forvörnum og hvernig haga bæri kynningarmálum til langframa.

„Þannig fórum við að vinna það mál áfram og komumst í samband við Simon Anholt og settum saman þennan stýrihóp um ímyndarmálin sem í eiga sæti ráðherrarnir Geir H. Haarde, Valgerður Sverrisdóttir, Jón Sigurðsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Síðan vorum við sex úr atvinnulífnum,“ segir Erlendur, en auk hans sjálfs tóku þátt Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair,

Skarphéðinn Berg Steinarsson, framkvæmdastjóri norrænna fjárfestinga hjá Baugi, Svafa Grönfeldt sem þá var hjá Actavis, Margrét Pála Ólafsdóttir skólastjóri og Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. „Þessi hópur kom saman rúma þrjá hálfu daga í senn og velti upp hugmyndum um hvernig best væri að haga málum,“ segir Erlendur, en að auki vann svo Simon Anholt rannsókn sína sem kynnt verður á þinginu í dag. „Í henni er fjallað um hvernig aðrar þjóðir sjá okkur. Verkefnið er hins vegar okkar allra. Það ræður ekkert eitt fyrirtæki við þetta eða stjórnvald. Verkefnið er sameiginlegt,“ segir Erlendur.

Halla tekur undir með Erlendi og segir ljóst að ímyndarvinna þjóðar verði ekki unnin í aðskildum hópum lengur líkt og verið hafi. „Ferðamálaráð hefur unnið að því að markaðssetja Ísland með ímynd sem kannski er nokkuð mikið tengd náttúrunni,“ segir hún og upplýsir að rannsókn Simons Anholts sýni einmitt að Ísland eigi það sem kalla mætti „inneign“ hjá öðrum þjóðum en þeim sem kannski standa okkur næst fyrir einmitt kynningu á náttúrunni. „Minna er hins vegar vitað um hvers konar þjóð við erum eða jafnvel að einhvers misskilnings gæti í þeim efnunum. Þegar dregin er svo upp af okkur skökk mynd í erlendum fjölmiðlum í tengslum við einhverja neikvæða tímabundna umfjöllun, þá er það kannski sú ímynd sem nær að stimplast inn,“ bætir hún við.

En þurfum við í rauninni ímynd? Ekki nokkur spurning segir Halla. „Við teljum að það skipti öllu máli,“ segir hún og bætir við að horfa þurfi fram á veginn og spyrja spurningarinnar: Hvernig ættu hlutirnir að vera? „Við teljum að byrja þurfi á að finna skýra stefnu. Við getum ekki bara farið í einhverja auglýsingaherferð, enda hafa þjóðir í raun engan rétt á því. Þjóð á að setja sér stefnu um hvernig hún ætlar að vera og svo á öll nýsköpun að vera í takt við þá stefnu. Við þurfum að ná samstöðu um stefnuna og finna henni eitthvað eitt heimili til framkvæmda.“

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Viðskiptaráð á að baki erilsamt ár og árangursríkt.

Víðsýn hagsmunumræða

Hafliði Helgason

Viðskiptaþing verður haldið í dag. Undanfarin ár hefur þessi árlegi viðburður orðið uppspretta uppbyggilegrar umræðu um það sem brennur á íslensku viðskiptalífi. Viðskiptaráð Íslands hefur verið í fararbroddi undanfarin ár í að móta sýn á hagsmunum viðskiptalífsins í sem víðustum skilningi.

Þeir hagsmunir og sú umræða sem haldið hefur verið á lofti hefur jafnan snúið að víðari sýn á framtíð samfélagsins fremur en hróp þröngra sérhagsmuna. Innlegg Viðskiptaráðs hafa verið innlegg í uppbyggilega umræðu um hvert sé skynsamlegt að stefna til að tryggja framsókn þjóðarinnar í síbreytilegum heimi. Þannig hafa ýmsar þær hugmyndir sem lagðar hafa verið fram á þingunum verið þess virði að til þeirra sé horft um langa framtíð. Dæmi um þetta er umræða um einfaldara og skilvirkara skattkerfi og hugmyndir um umhverfi sem gera mætti landið að ákjósanlegum stað fyrir höfuðstöðvar fyrirtækja. Ráðið hefur einnig látið til sín taka framtíð menntunar og fleiri mál sem ekki lúta að þröngri skilgreiningu viðskipta.

Í ár er sjónum beint að ímynd Íslands og hvernig megi vinna að því að koma til skila trúverðugri mynd af því sem við stöndum fyrir og viljum standa fyrir. Ástæða þessa vals á umræðuefni er vitanlega sprottið af þeirri reynslu sem umræða um íslenskt efnahagslíf, fjármálastöðugleika og neikvæð umræða um íslensk fyrirtæki í nágrannalöndum okkar færði okkur. Sú umræða reyndist gagnleg fyrst og síðast vegna þess að það tókst að koma henni úr farvegi vanhugsaðra sleggjudóma í farveg skynsamlegrar umræðu um hættur og tækifæri í íslensku efnahags- og athafnalífi.

Í þeirri umræðu sýndi Viðskiptaráð hvers virði það er að eiga slíkan umræðuvettvang og tæki í íslensku viðskiptalífi. Skýrsla Tryggva Þórs Herbertssonar og Frederics Mishkin um fjármálastöðugleika reyndist sú viðspyrna sem íslenskt viðskiptalíf þurfti á þeim tímamarki til að snúa hröðu undanhaldi til sóknar á ný. Það var mikið þarfaverk. Sú skýrsla hefði þó vart orðið pappírins virði nema að á eftir fylgdi afkoma og uppgjör fjármálafyrirtækja sem sýndu styrkan og skynsamlegan rekstur fjármálafyrirtækjanna. Það er í tísku þessa dagana að kasta hnútum í fjármálafyrirtækin í ljósi velgengni þeirra. Sá styrkur sem í þeim býr og er afleiðing velgenginnar er hins vegar ómetanlegt tæki til frekari sóknar lífskjara þjóðarinnar. Veikburða illa reknir bankar sem skila lítilli arðsemi hefðu orðið til þess að neikvæð erlend umræða síðasta árs hefði fundið eldsneyti og valdið verulegum búsfjum hjá almenningi í landinu.

Dægurumræða er ágæt til síns brúks og ekkert við því að segja að einhverjir finni fjöl sína í nöldri yfir ofsagróða og flotræfilshætti. Hitt er þó mikilvægara að glata ekki heildarsýn og fórna ekki verðmætum hagsmunum og möguleikum í pólitísku vinsældakapphlaupi. Þjónustuhagkerfið hefur haldið innreið sína í íslenskt samfélag, en enn eru margir bundnir á klafa framleiðsluhugsunar og sjá hvergi verðmæti nema í úrvinnslu auðlinda lands og sjávar. Tækifærin liggja í fólk sem skapar auð úr hugviti og veitir þjónustu um allan heim. Gott dæmi um slíkt er fjármálaþjónusta sem er orðin drjúg útflutningsgrein.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olíkr@markadurinn.is



ARCTIC WEAR
Vinnuföt - Hlíðarföt

Samfestingur stærðir 46-70

Regnsett stærðir XS-4XL

Góður vinnufélagi

Reykjavík: Hilti, Ísafjörður: Núpur Byggingarvöruslun, Eskifjörður: Hamar

Vesturvör 7 • 200 Kópavogur • Sími: 534-2900

Ísland, best í heimi?

ORD Í BELG

Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands



Árlegt Viðskiptaþing Viðskiptaráðs Íslands verður haldið á Nordica hóteli síðdegis í dag. Þar koma saman 450 lykiláðilar úr viðskiptalífinu, ráðherrar, þingmenn, fræðimenn, embættismenn og erlendir sendiherrar. Yfirskrift þingsins að þessu sinni er „Ísland, best í heimi?“ og er tileinkuð alþjóðlegri ímynd og orðspori Íslands.

Við Íslendingar höfum tilhneigingu til að upplifa okkur stærri og frægari en reyndin er. Þetta þjóðarstolt okkar er í senn styrkleiki og veikleiki. Styrkleiki í þeim skilningi að ef okkur ber gæfa til að nýta þessa náttúrulegu eiginleika okkar til að markaðssetja land okkar og þjóð á markvissan máta, þá mun það skila okkur ómældum árangri.

Veikleikinn felst í því að við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir þeirri staðreynd að utan Norðurlanda og hugsanlega Bretlands, þá veit heimurinn lítið eða ekkert um okkar ágætu þjóð. Vissulega fjölluðu alþjóðlegir fjölmiðlar meira um Ísland á árinu 2006 en nokkru sinni fyrr. Fyrirsagnir um yfirvofandi fjármálakrísu og neikvæð umfjöllun um hvalveiðar Íslendinga í helstu fjölmiðlum heims er þó varla það sem við viljum vera þekkt fyrir?

Það er mat undirritaðrar að mestu verðmæti okkar Íslendinga séu fólgin í því orðspori og ímynd sem við höfum á alþjóðlegum mörkuðum. Því er brýnt að við tökum höndum saman, atvinnulíf og stjórnvöld, og stígum nauðsynleg skref til að ímynd Íslands auki samkeppnishæfni okkar, en dragi ekki úr henni.

Viðskiptaráð verður 90 ára á þessu ári, en frá upphafi hefur ráðið verið í fararbroddi nýrra hugmynda um það hvernig auka megi samkeppnishæfni Íslands. Við settum stefnuna á að vera meðal 10 bestu fyrir nokkrum árum og fyrir ári síðan horfðum við til framtíðar og veltum fyrir okkur hvernig Ísland ætti að líta út árið 2015. Á Viðskiptaþingi 2007 kynnum við sem fyrr metnaðarfulla stefnu sem getur komið okkur í fremstu röð meðal framsækinnna þjóða, en þá þarf að láta verkin tala.

Viðskiptalífið og stjórnvöld þurfa að vinna saman að langtímauppbyggingu ímyndar Íslands. Aðgerðir verða að vera samhæfðar og fjármunum þarf að vera ráðstafað markvisst í takt við skýra stefnu.

UM VÍÐA VERÖLD

Viðvarandi hagvöxtur

Economist | Breska tímaritið gerir hagvöxt á Indlandi að umtalsefni í nýjasta tímariti sínu. Þar segir að efnahagslífið hafi verið í hæstu hæðum sem geri það að verkum að erlendir kaupahéðnar og fjárfestar flykkist til stórborga landsins á borð við Bangalore og Mumbai í von um að ná í sneið af kökunni og ávaxta pund sitt. Hagvöxtur á

Indlandi mældist 9,2 prósent á ársgrundvelli í september í fyrra samanborið við 8,0 prósentu hagvöxt fjögur árin á undan. Þetta er geysistökt stökk fram á við enda bendir tímaritið á að hagvöxtur í landinu hafi ekki verið nema um 3,5 prósent í þrjú áratugi fram til 1980. Og stjórnvöld eru stórhuga, að sögn Economist, enda stefna þau að því að viðhalda rúmlega 9 prósentu hagvexti á ári næstu fimm árin, jafnvel allt til ársins 2020. En aukinn hagvöxtur hefur líka aðrar hliðar því samfara því hefur búum í sveitum landsins fækkað mikið á síðustu misserum í kjölfar þess að Indverjar hafa í auknum mæli flust til þéttbýlisins þar sem laun eru góð og næga vinnu og menntun að finna.

Metvöxtur í Póllandi

Guardian | Breska dagblaðið Guardian bendir á það í vikubyrjun að sprenging hafi orðið á húsnæðismarkaðnum í Póllandi. Svo mikil er hækkunin að hún á fáa sína líka í Evrópu. Íbúðaverð hækkaði um 33 prósent að meðaltali í Póllandi í fyrra. Fasteignaverð hækkaði um 28 prósent í Varsjá en öðru máli gegnir um verð fasteigna í Kraká. Þar virðist sem um sprengingu hafi verið að ræða en verðið rauk upp um heil 58 prósent í fyrra. Þá hefur fasteignaverð sömuleiðis hækkað mikið í Gdansk. Ekkert land í Evrópu skilaði eins snarpi hækkun á milli ára, að sögn Guardian. Helsta ástæðan fyrir þessum miklu hækkunum í landinu eru uppkaupt efnadrá Pólverja og erlendra fjárfesta á fasteignum í landinu sem sneru sér þangað í auknum mæli í kjölfar mikilla verðhækkana á fasteignum í Evrópu og Bandaríkjunum. Auðveldara aðgengi almennings að fjármagni til fasteignakaupa á sömuleiðis hlut að máli. Blaðið bendir samt sem áður á að íbúðamarkaðurinn í Evrópu hefur haldið dampi þrátt fyrir hátt fasteignaverð og virðist fátt benda til að ætli að draga saman á næstunni. Pólland er þar engin undantekning og má því gera ráð fyrir að verðið haldi áfram að hækka.

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Árnannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSíMI: 550 5000 SíMBREFF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efla bláðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

STARFSMANNAMÁL

Ljón með fallega handskrift óskast til starfa

„Stöðugt, ákveðið, heiðarlegt og einlægt ljón óskast til starfa - falleg handskrift er kostur.“ Ef til vill litu titlar starfsauglýsinga svona út ef meira mark væri tekið á stjórnmerkjum og handskrift umsækjenda við ráðningar. Sú aðferðafræði að nota stjórnuspeki við val starfsmanna byggist m.a. á því að gerð eru einstaklingsmiðuð kort fyrir umsækjendur. Kortin spá fyrir um getu einstaklingsins út frá stað, dagsetningu og tíma fæðingar hans. Spáin er gerð með hliðsjón af stöðu himintunglanna daginn sem umsækjandi er

fæddur og staðan segir jafnframt til um persónuleika og hegðun umsækjandans.

Örfá bresk fyrirtæki sem taka að sér stjórnendaleit eru sögð nota stjórnuspeki til viðmiðunar en annars er talið að minna en 1 prósent af umsækjendum séu ráðnir á grundvelli stjórnspeka. Í bók Beardwell og Holden; Human Resource Management fær stjórnuspeki núll varðandi forspárgildi um frammistöðu í starfi. Þá er miðað við að 1,0 sé fullkomin forspá. Hæstu forspá gefa matsmiðstöðvar (0,68),

stöðluð viðtöl (0,62) og vinnusýni (0,55) samkvæmt Beardwell og Holden.

Rannsóknir sýna að Frakkar eru meðal þjóða sem notar rithandarsýnishorn sem aðferð við val umsækjenda. Aðferðin snýst um að skoða vandlega skrift umsækjanda og reyna að sjá eitthvað um persónuleika hans í skriftinni. Þá er stuðst við stærð stafanna, halla þeirra, skriftarhraða og bil á milli stafa. Þeir sem styðja þessa aðferðafræði segja að rithöndin segi til um hver við erum og hvað við gerum. Þannig á að vera hægt

að sjá út frá skriftinni hverjir hafa samskiptahæfileika, hverjir geta unnið einir eða undir álagi og hverjir séu góðir solumenn. Sóðaleg og óreiðuleg rithönd geti bent til þess að umsækjandi sé jafn sóðalegur og skriftin segir til um. Þá eru þeir sem hafa djarfa og áræðna skrift taldir vera sjálfbirgtingslegir og frekir samkvæmt skriftarfræðum.

Aðferðin fær einkunnina núll hjá Beardwell og Holden í sambandi við forspárgildi um frammistöðu í starfi. Rétt er þó að hafa í huga að mikilvægt er að vanda skrift á umsóknareyðublöðum

sem ekki eru send rafrænt til fyrirtækja. Snyrtilegar og villulausar umsóknir geta haft jákvæð áhrif á ráðningarferlið.

Sif
Sigfúsdóttir,
MA í mann-
auðsþjórnun.



SPÁKAUPMAÐURINN

Grætt á friði og spekt

Janúar var eins og draumur í dós. Allt heppnaðist sem hugsast gat og maður bara farinn að undirbúa friði í Florida með forstjórnunum sem hópa sig eins og gæsir að hausti eftir ársuppgjörin og Viðskiptaþingið. Það verða áhyggjulausar stundir á sundlaugarbarminum meðan maður sýgur í sig D-vítamínið úr sólinni og gengur aðeins og B-vítamínið með sötrinu. Þetta eru dásamlegir tímar. Bankarnir allir búnir að skila toppuppgjörum og svo kaupir Glitnir fyrirtæki í Finnlandi.

Með kaupunum opnar bankinn austurgluggann og fær starfstöð í Moskvu. Þetta finnska apparat var ekki gefið, en mun skila sér með því að bankinn nýti samböndin til að byggja ofan á, auk þess sem það má alltaf gera business með þessu ríka eignastýringarliði sem fylgir með í kaupunum. Sennilega er allt fullt af Nokia-Finum í stokknum sem hafa ekkert vit á peningum, en unnu í finnska þjóðarhappdrættinu þegar Nokia steig upp úr stígvélunum og fór að framleiða farsíma. Það bjó til alveg hrúgu af ríkum Finnum.

Sama og hér hefur gerst með Actavis, Bakkavör og bankana sem hafa búið til íslenska milljónamæringa, eins og mig.

Ég hef alltaf kunnað vel við Finna og verið þeirrar skoðunar að það sé gott fyrir Íslendinga að gera business með þeim. Þeir eru stólskir eins og við. Vita að „alt gár át helvete til slut“ og eru ekkert að kippa sér upp yfir smáatriðum. Svo kunna þeir að drekka og taka það með svipuðu trompi og við.

Þetta er hið besta mál og þar við bætist að þegar Glitnir er búinn að kaupa, þá rísa væntingarnar á markaðnum um að næstu taki til óspilltra málanna. Ég spái því að Straumur taki næst til hendinni. Uppgjörið kom á óvart og var miklu betra, en búast mátti við. Greinilega á betri leið en ég hélt og með hrikalega mikið ónýtt eigið fé sem þeir hljóta að koma í betri vinnu á næstunni.

Sennilega eigum við samt eftir að fá krónuna í veikingu á árinu, þannig að það er vissara að vera á vaktinni, en ég get örugglega slappað af í blíðunni hjá Bush sem vonandi hættir þessari vitleysu með Íran. Það eru alltaf einhverjir sem græða á stríði, en það er miklu skemmtilegra að græða á friði og spekt. Svona er maður nú siðferðilega innstilltur þrátt fyrir allt. Ég nennti til dæmis ekki að láta Steve Forbes trufla meltinguna hjá mér undir einhverjum dýrindis málsverðinum. Ég átti meira en svo fyrir því, en mér fannst bara einhvern veginn betra að dekra við sjálfan mig heima við. Opna dýrindis rauðvín og spegla mig í aðdun-arfullum augum konunnar meðan spekin rann upp úr mér. Forbes gat ómögulega toppað það. Svo var það líka miklu ódýrara.

Spákaupmaðurinn á horninu

Hluthafafundur
Actavis

Stjórn Actavis Group hf. boðar til hluthafafundar á Nordica Hótel, Reykjavík, föstudaginn 9. febrúar 2007 og hefst fundurinn kl. 16.30.

Á dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Stjórn Actavis leggur fyrir fundinn eftirfarandi tillögur, sem fela í sér breytingar á samþykktum félagsins:

a) Að stjórn félagsins verði veitt heimild til að ákveða útgáfu A-hluta hlutafjár félagsins í evrum í stað íslenskra króna sbr. heimild í 4. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Skal við umreiknun hlutafjárins fara að ákvæðum laga um ársreikninga nr. 3/2006, sbr. 5. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Skal stjórn jafnframt heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins sem leiða af útgáfunni, þ.á m. breyta fjárhæðum þeim sem fram koma í 2. gr. samþykkt félagsins og varða breytinguna, með sömu umreiknunaradferð. Verði breytingin samþykkt af stjórn félagsins skal nafnverð hvers hlutar vera 0,01 evra.

- b) Að ákvæði greinar 2.02.4 í samþykktum félagsins verði breytt og hljóði svo:

“Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé þess í A-flokki um allt að kr. 1.200.000.000 – tólfhundrað milljónir – að nafnvirði vegna fjármögnunar Actavis á hlutum í öðrum félögum. Heimild þessi gildir í eitt ár frá samþykkt hennar. Réttindi skulu fylgja hinum nýju hlutum frá skráningardegi hækkunarinnar. Félagstjórn skal heimilt að ákveða að greiða megi fyrir hina nýju hluti með öðru en reiðufé. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum.”

2. Önnur mál.

- Dagskrá fundarins og endanlegar tillögur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, Dalshrauni 1, Hafnarfirði, hluthöfum til sýnis 7 dögum fyrir fundinn.

Fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 16.00 á fundardegi.

IVITA HÖBID / SIA 8269



actavis

Actavis Group hf. | Dalshrauni 1 | t +354 535 2300 | e actavis@actavis.com
220 Hafnarfirði | f +354 535 2301 | w www.actavis.com

Gerðu verð- og gæðasamanburð áður en þú fjárfestir í fartölvu.


Öllum tölvunum fylgir ókeypis fartölvutaska.



ZEPTO 4015SE
Fjölhæf og þolgóð
15" XGA skjár
1,5 Ghz Intel Celeron 1MB örgjörvi
512 MB DDR2 vinnsluminni
80 GB harður diskur
Innb. DVD skrifari, þráðl. netkort o.fl.
Allt að 5 klst. rafhlöduending

LISTAVERÐ:
KR. 99.900,-

MÁNAÐARGREIÐSLA:
KR. 2.886,-
pr./mán. í 48 mánuði



ZEPTO 6015WD
Gæðagripur

15,4" WXGA+ 1280x800 skjár
1,8 Ghz Intel Core 2 Duo örgjörvi
1 GB DDR2 vinnsluminni
Intel Centrino DUO tækni
80 GB 7200 rpm harður diskur
Innb. vefmyndavél, Bluetooth,
Innbyggt 54 mbps
þráðlaust netkort,
míniskortalesari,
Dual-Layer DVD
brennari o.m.fl.

LISTAVERÐ:
KR. 149.900,-

MÁNAÐARGREIÐSLA:
KR. 4.330,-
pr./mán. í 48 mánuði



ZEPTO 6214W
Kraftmikil og nett

14,1" WXGA 1280 x 800 skjár
1,83 Ghz Intel Core Duo T2400 örgjörvi
1 GB DDR2 vinnsluminni
80 GB SATA Hitachi harður diskur
Innbyggt 54mbps þráðlaust netkort,
Bluetooth, míniskortalesari.

LISTAVERÐ:
KR. 159.900,-

MÁNAÐARGREIÐSLA:
KR. 4.619,-
pr./mán. í 48 mánuði

AUKAHLUTASETT
FYLGIÐ FRITT*



TÖLVUSKJÁIR • PRENTARAR • FJÖLNOTATÆKI



SAMSUNG
SyncMaster 970P
19" skjár
Upplausn 1280 x 1024
Ljós magn 250cd/m²
Skerpa 1000:1
Svartími 6 ms
Litafjöldi 16.7 milljónir
Litur Hvítur háglans

VERÐ: 59.900,-



SAMSUNG
SyncMaster 940N
19" skjár
Upplausn 1280 x 1024
Ljós magn 300 cd/m²
Skerpa 700:1
Svartími 8 ms
Litafjöldi 16.2 milljónir
Litur silfur

VERÐ: 33.900,-

LASER PRENTARAR Á VERÐI SEM ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ FYRR:



FJÖLNOTATÆKI
AÐEINS
24.900,-

SAMSUNG SCX-4200
Prentari: Laserprentari, svart/hvítur
Prenthraði: 18 bl./mín.
Upplausn: 600x600dpi
Skanni og ljósritun:
Upplausn: 600x2400dpi
(max. 4800x4800dpi)
Pappírshakki inn: 250 blöð
Stuðningur: Windows, MacOS, Linux
Tenging: USB 2.0



LITA-LASER
AÐEINS
39.900,-

HEIMSINS MINNSTI OG LÉTTASTI LITA-LASER PRENTARI
Tilvalinn bæði á skrifstofuna og á heimilið!

SAMSUNG CLP-300N
Prentari: Litalaserprentari
Prenthraði: 16 bl./mín. í svarthvítu,
4 bl./mín. í lit
Upplausn: 2400x600dpi
Pappírshakki inn: 150 blöð
Stuðningur: Windows, Mac OS 10.3.x og Linux
Tenging: USB 2.0 og Ethernet 10/100 Base
Stærð B: 39 x D: 34 x H: 26 cm



TILBOÐSVERÐ
29.900,-

SAMSUNG ML-3051N
Prentari: Laserprentari, svart/hvítur
Prenthraði: 28 bl./mín.
Upplausn: 1200x1200dpi
Pappírshakki inn: 250+50 blöð
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
Hermun: PostScript3, PCL6, IBM ProPrinter, Epson
Tenging: USB 2.0, Parallel, Ethernet 10/100 Base TX

SKRIFSTOFUTÆKI sem gera vinnuna ánægjulegri og verkin vandaðri.



SHARP AM-400
• 12 eintök á mínútu
• Afrita- og frumritastærð stærst A4
• Minnkun & stækkun 25% - 400%
• Sjálfvirk lýsing afrita
• Sérstök ljósmyndastilling
• 250 blaða pappírskúffa
• 600 x 600 dpi upplausn í
• prentun/ljósritun og skönnun
• Laserprentari
• Litaskanni
• Fax G3 super modem 33,6 Kbps
Kr. 49.900



SHARP AR-M1600
Prentari/litaskanni/ljósritunarvél
• 16 eintök á mínútu
• Ljósritar/prentar á stærst A3
• Minnkun-stækkun: 50-400%
• Sjálfvirk lýsing afrita
• Sérstök ljósmyndastilling
• 100 blaða framhjámatari
• 250 blaða pappírskúffa
• Innbyggður litaskanni 600x1200 punktar
• Ljósritar/prentar á 56-200gr pappír
*Frumritamatari á mynd ekki innifalinn í tilboðsverði
Kr. 124.900

SHARP

ORMSSON

Þú gengur að gæðunum vísum!

Refresco til Austur-Evrópu

Refresco Holding, sem FL Group á 49 prósentu hlut í, hefur keypt pólska drykkjarvöruframleiðandann Kentpol sem framleiðir vatns- og gosdrykkjavörur. Er þetta fyrsta yfirtaka félagsins á þeim markaði sem vænst er að muni vaxa hratt á næstunni.

Í Morgunkorni Glitnis segir að þrátt fyrir að félagið sé lítið í samanburði við Refresco muni það opna leiðir inn á markaði í Austur-Evrópu. Velta Kentpol á síðasta ári var 34 milljónir evra samanborið við 660 milljóna evra veltu Refresco.

Á afkomufundi hjá FL Group í síðustu viku boðaði FL Group tvö- til þreföldun veltu Refresco á næstu tólf til átján mánuðum. Félagið hefur skilgreint drykkjarvöruíðnaðinn sem einn af þeim mörkuðum sem félagið leggur mesta áherslu á í fjárfestingum. Því væntir greiningardeild Glitnis frekari fjárfestinga hjá félaginu á næstu vikum. - hhs



REFRESCO KAUPIR KENTPOL
Refresco, sem FL Group á 49 prósentu hlut í, hefur keypt pólska drykkjarvöruframleiðandann Kentpol.

Endurnýjanleg orka í hávegum höfð

Á viðamikilli ráðstefnu dótturfélags Landsbankans, Kepler-Landsbankans, á dögunum kynnti Halldór J. Kristjánsson bankastjóri sýn Landsbankans á þróun nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa. Þá var ákvörðun bankaráðs þess efnis að leggja enn frekari áherslu á þetta svið fjármögnunar kynnt.

Í ræðunni lagði Halldór enn fremur áherslu á sterka stöðu Íslands í þessum efnunum, en 72 prósent heildarorkunýtingar á Íslandi kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum samanborið við 13 prósentu heimsmeðaltal.

Á ráðstefnunni kynntu 22 fyrirtæki í fararbroddi í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada starfsemi sína og mögulega fjárfestingarkosti fyrir rúmlega 200 sérhæfðum stofnanafjórðingum. Þrjú íslensk fyrirtæki voru á meðal þeirra sem kynntu starfsemi sína. Það voru Hitaveita Suðurnesja hf., Jarðboranir hf. og Enex hf. Í fréttatilkynningu frá Landsbankanum segir að sérstaða Íslands í nýtingu endurnýjanlegra orkulinda hafi vakið áhuga stórra fjárfestingaraðila á ráðstefnunni.



STJÓRNENDUR LANDSBANKANS OG KEPLERS Kepler-Landsbankinn stóð fyrir viðamikilli ráðstefnu á dögunum um nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa.

„SÆNSKA LEIÐIN“

Eru Svíar til fyrirmyndar í skatta- og velferðarmálum?

Fimmtudaginn 8. febrúar kl. 16.00
í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti.



Sænski hagfræðingurinn **Dr. Fredrik Bergström** flytur erindi um áhrif sænska skatta- og velferðarkerfisins á lífskjör meðal- og lágtekjufólks í Svíþjóð, **fimmtudaginn 8. febrúar kl. 16.00** í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti.

Í erindinu mun Dr. Bergström m.a. fjalla um niðurstöður bókar sinnar, sem kom út árið 2004, **Sverige versus USA: En analys av tillväxtens betydelse**, þar sem m.a. voru borin saman lífskjör í Svíþjóð og Bandaríkjunum. Ennfremur mun Dr. Bergström kynna nýja bók sína **Till 40% fri – en medelklassfamiljs uppvaknande**, sem gefin verður út í Svíþjóð í febrúar.



Dr. Fredrik Bergström er forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar í Stokkhólmi (www.hui.se).

Fundurinn fer fram á ensku. Allir velkomnir.
Nánari upplýsingar á www.rse.is og www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

RSE

Tré fyrir símaskrá

Já, sem rekur upplýsingaþjónustuna 118 og annast ritstjórn og rekstur símaskrárinnar og rekstur ja.is, hefur gert samning við Skógræktarfélag Íslands um að jafnmörgum plöntum og þarf í framleiðslu símaskrárinnar verði plantað árlega.



ÍSLENSKUR SKÓGUR Já hefur gert samning við Skógræktarfélag Íslands um að jafnmörgum plöntum og þarf í framleiðslu símaskrárinnar verði plantað árlega.

Íslenskur skógræktarfélagið mun styrkja vegna gróðursetningarinnar og tengdra verkefna. Í fréttatilkynningu frá Já segir að öll tré sem fari í framleiðslu símaskrárinnar séu úr sjálfbærum skógum sem þýði að fleiri trjáum sé plantað en eru felld. Með samstarfssamningnum verði til Já-skógur á jörðinni Ingunnarstöðum í Brynjudal þar sem plönturnar verði gróðursettar.

Í fréttatilkynningu frá Já segir að öll tré sem fari í framleiðslu símaskrárinnar séu úr sjálfbærum skógum sem þýði að fleiri trjáum sé plantað en eru felld. Með samstarfssamningnum verði til Já-skógur á jörðinni Ingunnarstöðum í Brynjudal þar sem plönturnar verði gróðursettar.

Vefur FME endurnýjaður

Fjármálaeftirlitið hefur opnað nýjan og endurbættan vef á vefslóðinni www.fme.is.

Á vefnum er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, að nýi vefurinn verði í frekari þróun næstu misserin, en hann gegni lykilhlutverki í framkvæmd upplýsingatæknistefnu eftirlitsins. „Þar sem megináhersla verður lögð á að auka skilvirkni og gæði með rafvæðingu samskiptaferla við eftirlitsskylda aðila,“ er haft eftir Jónasi.

Á nýja vefnum geta eftirlitsskyldir aðilar skráð



WWW.FME.IS Endurbættur vefur Fjármálaeftirlitsins hefur yfir sér léttara yfirbragð og er litskrúðugri en sá sem fyrir var.

sig inn í gagnaskilakerfi Fjármálaeftirlitsins og þannig skilað ýmsum skýrslum og innherjalistum með rafrænum hætti.



Fjárfestingartækifæri Berlín – Prenzlauer Berg

2 íbúðarhús með 69 íbúðum

Leigutkejur: 260.000 € pr ári

Yield : 5,9%

Verð pr fm: 876€

Verð: 4.400.000€



argo
ráðgjöf

Þjónustuaðili fjárfesta á fasteignamarkaði í Berlín
587-7600 - <http://www.argoradgjof.is>



Langt eftirbragð og fullkomið jafnvægi



Gott til síðasta dropa

Seed Forum vekur athygli vestanhafs

Fjárfesting Seed Forum þar sem efnaðir einstaklingar og sprotafyrirtæki eru leidd saman hefur vakið heilmikla athygli í fagtímaritum fyrir fjárfesta í Bandaríkjunum. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson ræddi við Jón Helga Egilsson, framkvæmdastjóra Seed Forum.

Kynning Seed Forum á norrænum sprotafyrirtækjum fyrir fjárfesta í Bandaríkjunum hefur vakið mikla athygli þar í landi. Jón Helgi Egilsson, framkvæmdastjóri Seed Forum í Bandaríkjunum, segir kynningu félagsins á sprotafyrirtækjum með öðru sniði en gengur og gerist. Kynningin er hnitmiðaðri og skilar oft góðum árangri jafnt fyrir forsvarsmenn sprotafyrirtækjanna sem fjárfesta. Fimmta fjárfesting Seed Forum verður haldið í Reykjavík undir lok næsta mánaðar.

VETTANGUR FYRIR SPOTAFYRIRTÆKI

Seed Forum er upprunnið í Noregi árið 2002 þar sem leitast var við að finna vettvang til að kynna norsk sprotafyrirtæki í Bretlandi. En fljótlega bættust fleiri fyrirtæki frá Skandinavíu í hópinn. Íslendingar sáu fljótlega hag sinn í samstarfi við norska félagið og var Seed Forum Iceland stofnað sérstaklega vegna þessa.

Jón Helgi kom svo til starfa hjá samtökunum árið 2004 og tók til við að kynna norræn sprotafyrirtæki fyrir erlendum fjárfestum. „Þegar ég kom að þessu voru haldin fjárfestingar á þremur stöðum í heiminum,“ segir Jón og bendir á að á þessum tíma hafi verið frekar erfitt að fjármagna sprotafyrirtæki enda netbólan þá tiltölulega nýsprungin. Í dag eru fjárfestingin mun fleiri en því til sönnunar verða þau á 18 stöðum í vor en 21 í haust auk þess sem sprotafyrirtæki í Bandaríkjunum, Bretlandi og í Austur-Evrópu hafa lýst yfir áhuga á því að bætast í hópinn.

Jón segir fjármögnun sprotafyrirtækja ekki auðsött mál. Þau séu of lítil til þess að bankar og fjármálafyrirtæki sjái hag í því að leggja til þeirra fjármagn. „Stórfyrirtæki á borð við banka hafa mjög mikið af peningum til umráða og þurfa að koma þeim einhvers staðar í vinnu. Það væri alltof mikil vinna að finna þúsund lítil fyrirtæki fyrir þau til að fjárfesta í. Það er mun einfaldara fyrir þau að fjárfesta í tveimur stórum fyrirtækjum í stað margra smárra,“ segir Jón og bendir á að Seed Forum sé einmitt vettvangurinn til að leida

saman sprotafyrirtæki og fjárfesta sem áhuga hafi á smærri einingum. Leið samtakanna er að leita til svokallaðra viðskiptaengla (e. business angels), þ.e. efna-meiri einstaklinga sem hafa gjarnan stofnað eigin fyrirtæki og hafa auk þess fjárhagslegt bolmagn, reynslu og áhuga til þess að vinna með sprotafyrirtækjum sem eru skammt á veg komin. „Það er svo mikilvægt að fá fjárfesta sem þessa, jafnvel þótt þeir leggi ekki nema nokkrar milljónir bandaríkjadala inn í sprotafyrirtækin,“ segir Jón og leggur áherslu á að reynsla fjárfestanna við uppbyggingu fyrirtækja skipti þau jafn miklu máli og fjármagnið sem þeir leggi inn til þeirra. „Að fá fjárfesta sem hafa reynslu af rekstri er mjög verðmætt fyrir fyrirtæki því þá fæst bæði fjármagn, reynsla og þekking inn í félagið,“ segir hann og bætir við að um helmingurinn af fjármagni sprotafyrirtækja í Bandaríkjunum komi frá sjóðum en hinn helmingurinn frá viðskiptaenglum, sem sjái hag sinn í því að fylgja fyrirtækinu úr hlaði enda hafi þeir hag af því að þeim vegni vel.



JÓN HELGI EGILSSON Jón Helgi segir mjög mikilvægt fyrir sprotafyrirtæki að fá fjárfesta með reynslu og þekkingu af rekstri fyrirtækja inn í félagið.

MARKAÐURINN/STEFÁN

saman sprotafyrirtæki og fjárfesta sem áhuga hafi á smærri einingum.

Leið samtakanna er að leita til svokallaðra viðskiptaengla (e. business angels), þ.e. efna-meiri einstaklinga sem hafa gjarnan stofnað eigin fyrirtæki og hafa auk þess fjárhagslegt bolmagn, reynslu og áhuga til þess að vinna með sprotafyrirtækjum sem eru skammt á veg komin. „Það er svo mikilvægt að fá fjárfesta sem þessa, jafnvel þótt þeir leggi ekki nema nokkrar milljónir bandaríkjadala inn í sprotafyrirtækin,“ segir Jón og leggur áherslu á að reynsla fjárfestanna við uppbyggingu fyrirtækja skipti þau jafn miklu máli og fjármagnið sem þeir leggi inn til þeirra. „Að fá fjárfesta sem hafa reynslu af rekstri er mjög verðmætt fyrir fyrirtæki því þá fæst bæði fjármagn, reynsla og þekking inn í félagið,“ segir hann og bætir við að um helmingurinn af fjármagni sprotafyrirtækja í Bandaríkjunum komi frá sjóðum en hinn helmingurinn frá viðskiptaenglum, sem sjái hag sinn í því að fylgja fyrirtækinu úr hlaði enda hafi þeir hag af því að þeim vegni vel.

FÁ SPOTAFYRIRTÆKI KYNNT TIL SÖGUNNAR

Jón segir helsta muninn á þeim fjárfestingum sem fyrir voru áður en Seed Forum kom til sögunnar vera þá að fulltrúar sprotafyrirtækja kynntu þau fyrir fjárfestum á hverjum stað fyrir sig. Hjá Seed Forum horfi öðruvísi við en þar eru tiltölulega fá sprotafyrirtæki kynnt fyrir fjárfestum um allan heim.

„Seed Forum er meira,“ segir Jón og bendir á að leiðin að endanlegu markmiði sé í fjórum þrepum. Fyrsta þrepið felst í því að fjárfestingasjóðir tilnefna þau sprotafyrirtæki sem þau hafi trú á til þátttöku á fjárfestingi Seed Forum sem ekki hafi hlotið náð fyrir augum sjóðsins. Skref tvö felst síðan í því að þau sprotafyrirtæki sem hafa verið tilnefnd til mögulegrar þátttöku á fjárfestingi senda inn upplýsingar um starfsemi sína, sérstöðu og fleiri þætti. Upplýsingarnar eru settar í hendur á alþjóðlegri dómnefnd, sem skipuð er fjárfestum frá öllum þeim stöðum þar sem fyrirhugað er að halda fjárfesting. Þau sprotafyrirtæki sem skora hæst eru síðan valin til þátttöku á fjárfestingum. Þegar búið er að velja fyrirtækin og kanna hvort forsvarsmenn þeirra hafi áhuga á að fara á tiltekin fjárfesting,

svo sem í Sjanghæ kemur ströng tveggja daga þjálfun forsvarsmanna allra fyrirtækjanna sem eiga að kynna sprotafyrirtækin fyrir viðskiptaenglunum undir leiðsögn þjálfara.

Allt þetta leiðir að einu markmiði: Sjálfu fjárfestingunum þar sem fulltrúar fára útvaldra fyrirtækja komast að. „Mikil áhersla er lögð á gæði á fjárfestingunum enda fá fyrirtækin bara átta mínútur til að kynna sig fyrir viðskiptaenglunum,“ segir Jón Helgi og bendir á að nauðsynlegt sé að hafa kynningarnar hnitmiðaðar. „Það er svo mikið framboð af sprotafyrirtækjum í heiminum að menn þurfa að tryggja að fjárfestar sem hafa hug á að setja fjármagn sitt í fyrirtækin nenni einfaldlega að eyða tíma sínum í að hlusta á kynningu á sprotafyrirtækjunum,“ segir hann.

Vegna þess hversu hnitmiðaðar kynningar sprotafyrirtækjanna eru vara fjárfestingin einungis í um tvær klukkustundir. Þessi tími er nægur og hefur skilað sér í ánægðum viðskiptaenglum, sem koma aftur og aftur á þingin, að sögn Jóns.

Fjárfesting Seed Forum hafa vakið mikla athygli vestanhafs og fagtímarit í Bandaríkjunum hrósað þeim í hástert. Jón Helgi segir það mjög jákvætt enda sé bandaríski fjárfestingamarkaðurinn með þeim þróaðri í heimi og taki fjárfestar eftir því sem vel er gert.

NÆSTA FJÁRFESTING Í MARS

Um þessar mundir stendur yfir fyrsta þrep þar sem fjárfestingasjóðir og háskólar tilnefna sprotafyrirtæki til þátttöku á næstu fjárfestingunum. Hinn 29. mars næstkomandi verður síðan blásið til fyrsta fjárfestingar Seed Forum á árinu, sem að þessu sinni er haldið í Reykjavík.

Fjárfestingin í Reykjavík í mars er ekki frábrugðin öðrum þingum Seed Forum. Aldrei fleiri en tíu sprotafyrirtæki kynna þar starfsemi sína, í mesta lagi sex frá Íslandi en afgangurinn erlendur.

Að loknu fjárfestingunum hér verða hin sautján næstu þingin haldin hvert á fætur öðru. Hvert og eitt fyrirtæki fer hins vegar ekki á alla þá staði þar sem fjárfesting verða haldin heldur einungis á þeim stöðum þar sem fyrirtækið hefur hug á að vaxa, sem geta verið allt frá einum til þremur stöðum í heiminum, að sögn Jóns.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR

Ávaxtaðu betur - í þeirri mynt sem þér hentar

ávöxtun í evrum ávöxtun í dollurum ávöxtun í krónum ávöxtun í pundum
4.3%* **5.8%*** **14.2%*** **4.5%***

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings í ISK, USD, EUR og GBP.

Hafðu samband við ráðgjafa í síma 444 7000.

*Nafnávöxtun í ISK, EUR, USD og GBP á ársgrundvelli fyrir tímabilið 29/12/06-31/01/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðsýsingu eða útdrætti úr útboðsýsingu sjóðsins í útbúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.

 KAUPÞING

MARKAÐURINN Einfalt mál



EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT

Hvort sem þú ert sérfróður um viðskipti eða einn af þeim sem finnst viðskiptafréttir yfirleitt of flóknar og háfleygar, getur þú fylgst með öllu því sem er að gerast í viðskiptalífinu í gegnum Markaðinn. Við færum þér fréttirnar skýrt og skörinort.



Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2



Markaðurinn á Vísi alla daga

VIÐSKIPTAFRÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR



Gæti lán í erlendri mynt verið lausnin?

SPRON Myntlán eru veitt til kaupa, framkvæmda eða endurfjármögnunar á íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði. Unnt er að taka fullt **SPRON Myntlán** eða blandað lán þar sem helmingur lánsins er myntlán og hinn helmingurinn í íslenskum krónum.

Upplýsingar í næsta útibúi **SPRON** í síma **550 1200**, í þjónustuveri í síma **550 1400** eða á **spron.is**



BANKHÓLFÍÐ



Jafnvel í Sovét ...

„Jafnvel í Sovétríkjunum, þar sem ríkið sá um fjárfestingar, datt fáum í hug að kjósa um þær,“ skrifar Sigurður Jóhannesson hagfræðingur í nýjasta hefti Vísbendingar í grein um fyrirhugaðar kosningar í Hafnarfirði um stækkun álversins. Hann veltir upp bæði kostum og göllum á stækkun, en virðist ekki sannfærður um að valið eigi að vera bæjarbúa. Hann bendir á svör ungmenna við spurningum dagblaðs fyrir nokkru. „Ekkert vissi hver Hannes Smárason var, öll nema eitt vissu að jörðin snýst um sólu en ekki öfugt, en breið samstaða var um að milljarður væri hundrað milljónir. Setjum svo að þetta sé almenn skoðun. Það myndi ekki breyta því að milljarður er þúsund milljónir,“ segir hann og telur almenna atkvæðagreiðslu góðan kost þegar deilt sé um einföld efni sem í eðli sínu séu smekksatriði, líkt og ýmis skipulagsmál.

Jyske nær ekki Straumi

Jyske Bank skilaði methagnaði í fyrra. Hagnaðurinn nam 33 milljörðum íslenskra króna og eru menn þar á bæ nokkuð ánægðir með árangurinn. Jyske er langt að baki íslensku bönkunum og nær ekki Straumi-Burðarási þegar litið er til hagnaðar. Sú var tíð að Jyske var viðmið fyrir íslenska banka, en spurningin nú er fremur hvenær litið verður á hann sem verkefni fyrir einn hinna íslensku.

Finnskan meiri ögrun

Það vakti athygli á sínum tíma þegar Glitnir sem þá hét Íslandsbanki keypti norska BN bankann, að forstjórinn, Bjarni Ármannsson, mætti þar flugmælskur á norsku. Jafnvel töldu menn sig heyra Guðbrandsdalsdialekt hjá stjóranum. Reyndar mun Bjarni hafa leikið hlutverkið vel og ekki haft fullt vald á norskunni, en framburðurinn var vel æfður og góð tók á málinu innan seilingar. Síðan hefur Bjarni náð góðum tókum á norskunni. Nú keypti Glitnir í Finnlandi. Finnskan er óklefur hamar nema hörðustu tungumálagörpum og Bjarni treysti sér ekki til að ávarpa þarlenda á finnsku. Hann gat þó ekki stillt sig þegar hann kynnti starfsmönnum kaupin og mælti setningu á finnsku við upphaf þess fundar. Hann mun þó hafa haft á orði að finnskan væri meiri ögrun en norska og hann byggist ekki við að leika norska leikinn eftir.

6,5 milljarða króna halli á vöruskiptum við útlönd í janúar.

68% hlutur Glitnis í finnska fjármálfyrirtækinu FIM Group.

44,6 milljarða króna hagnaður FL Group á árinu 2006.

Gæðastjóri ÍAV



Skrifstofubýgging við Borgartún 26



Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð við Reykjavíkurbörn



Grand hótél við Sigtún

ÍAV óskar eftir gæðastjóra, en fyrirtækið stefnir að vottuðu gæðakerfi.

Ábyrgðasvið:

Í samstarfi við gæðaráð/ráðgjafa mun starfssvið gæðastjóra felast í:

- Mótun og framkvæmd á gæðastefnu fyrirtækisins.
- Uppsetning og innleiðing á gæðakerfi fyrirtækisins.
- Þróun verkferla í samráði við stjórnendur og starfsmenn.
- Samskipti við vottunaraðila.
- Samræming á innri úttekum gæðakerfisins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Góð íslenskukunnátta og gott vald á ensku.
- Grunnþekking á stjórnunarstaðlinum ISO 9001:2000.
- Starfsreynsla og þekking á verkefnum í byggingariðnaði er æskileg.

Aðrir eiginleikar - önnur hæfni:

- Góð samskiptahæfni.
- Skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Upplýsingar veitir Gunnar Sverrisson forstjóri ÍAV eða Dagmar Viðarsdóttir mannauðsstjóri í síma 530-4200. Umsóknnum merktum „Gæðastjóri ÍAV“ skal skilað á netfangið dagmar@iav.is. Umsóknarfrestur er til 14. febrúar nk.



Fjölbýlishús við Sóltún



Þjónustuhús við HNLFI



Skrifstofubýgging við Glæsibæ

ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins og býr yfir áratuga reynslu í mannvirkjagerð. Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar, hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar eða aðra mannvirkjagerð sem og jarðvinnuframkvæmdir. Hjá fyrirtækinu starfa á sjötta hundrað manns og þar af eru um 80 háskólamenntaðir.



Háskólatorg

Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga. Við bjóðum góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.

www.iav.is

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200



SAMSUNG

SAMSUNG Q1457 / Q1657

SAMSUNG þvottavél
1400 snúninga, 7,5 kg.
Óvenju stór tromla – 57,5 l.
Vatnsnotkun 60 l pr. 7,5 kg.
Mjög hljóðlát – aðeins 50. db

7,5 kg.
SILVER NANO

TILBOÐ:
Kr. 99.900 (1400 snún.)
Kr. 109.900 (1600 snún.)



AEG

LAVAMAT 52820

AEG þvottavél
1200 snúninga, 6 kg.
Fjöldi prógramma
Íslenskt stjórnborð

6 kg.

TILBOÐ:
Kr. 69.900
(Áður: Kr. 85.914)

Þvottavélar,
þurrkarar og
uppvottavélar
á TILBOÐSVERÐI!

www.ormsson.is

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800
SMÁRALIND · Sími 530 2900
AKUREYRI · Sími 461 5000
KEFLAVÍK · Sími 421 1535

... og hjá UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT